

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

94/EES/50/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 01 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB frá 6. janúar 1994 um aðlögun nokkurra tækniatriða í tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa..... 02
94/EES/50/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 05 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum..... 06
94/EES/50/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar EB nr. 41/94 frá 11. janúar 1994 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna..... 39
94/EES/50/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 42 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu..... 44
94/EES/50/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn..... 50 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölbjódlegum þróunarbönkum“..... 51
94/EES/50/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn..... 52 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi..... 53

94/EES/50/07	Ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 19/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.....63 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/18/EB frá 30. maí 1994 um breytingu á tilskipun 80/390/EBE, til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi, með tilliti til þeirrar skyldu að birta skráningarlýsingu..... 64
94/EES/50/08	Ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 20/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 68 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3118/93 varðandi fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu..... 69
94/EES/50/09	Ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 21/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 70 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 844/94 frá 12. apríl 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum..... 71
94/EES/50/10	Ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.....72 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin.....73 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins.....75 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. október 1993 um viðmiðunarforsendur fyrir einfölduðum verklagsreglum þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt út í umhverfið af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE.....78
94/EES/50/11	Ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 23/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn..... 80 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB frá 15. apríl 1994 um fyrstu aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 90/220/EBE um þau tilvök er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.....81 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. apríl 1994 um breytingu á ákvörðun 91/596/EBE varðandi snið samantektarskýrslu um tilkynningu sem um getur í 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE.....91

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

94/EES/50/12	Tilmæli samþykkt í Brussel 13. október 1994.....110
--------------	---

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/50/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.522 - Scandinavian Project).....	112
94/EES/50/14	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.503 - British Steel/Svensk Stál/NSD).....	112
94/EES/50/15	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.519 - Ericsson-Raychem).....	112
94/EES/50/16	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.528 - British Aerospace/VSEL).....	113
94/EES/50/17	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum.....	113
94/EES/50/18	Ríkisaðstoð C 5/94 (N 24/94) - Þýskaland.....	113
94/EES/50/19	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 92. og 93. gr. EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins varðandi ríkisaðstoð á sviði flugmála.....	113
94/EES/50/20	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21. 11. til 25. 11. 1994.....	114
94/EES/50/21	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	115
94/EES/50/22	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.520 - Direct Line/Bankinter).....	116

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/50/01

nr. 13/94

frá 28. október 1994

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB frá 6. janúar 1994 um aðlögun nokkurra tækniatriða í tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 1. lið (tilskipun ráðsins 75/324/EBE) í VIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, , eins og henni var breytt með:

- **394 L 0001:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB frá 6. janúar 1994 (Stjttíð. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjttíð. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/1/EB
frá 6. janúar 1994**

um aðlögun nokkurra tækniatriða í tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa (*)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/342/EBE frá 20. maí

1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa (1),

eins og henni var síðast breytt með aðildarlögum Spánar og Portúgals, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eitt aðildarríki hefur beitt öryggisákvæðunum sem um getur í 10. gr. tilskipunar 75/324/EBE.

Öryggisráðstafanir sem hafa verið samþykktar eru taldar réttlætanagerleg vegna áhættu sem tengist aukinni notkun úðabrusa sem innihalda gífurlega eldfim drifefni sem koma í stað klórflúórkolefna (CFC).

Tiltekin efni og/eða efnablöndur í tilteknum úðabrusum eru sérstaklega eldfimar.

Gildandi ákvæði eru ekki fullnægjandi til að koma í veg fyrir hættu af völdum tiltekinna tegunda úðabrusa. Þessum ákvæðum ber því að breyta.

Nokkrar tegundir úðabrusa sem innihalda eldfim efni og/eða efnablöndur hafa ekki í för með íkvikunarhættu og því skal kveðið á um að þeir verði undanþegnir tilteknum kröfum um merkingar.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækni framförum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 40.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 75/324/EBE:

1. Í stað d-liðar 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„d) upplýsingarnar sem um getur í lið 2.2 og 2.3 í viðaukanum“;

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 9. gr.:

„9. gr. a

Ef sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu úðabrusa hefur undir höndum prófniðurstöður eða önnur gögn sem sýna að jafnvel þó innihald úðabrusa sé eldfimt hafi þeir ekki í för með sér íkvikunarhættu við venjulega eða fyrirsjáanlega notkun efnisins, er honum heimilt á eigin ábyrgð að ákveða að beita ekki ákvæðum í b-lið í lið 2.2. og b-lið í lið 2.3 í viðaukanum.

Afrit af slíkum skjölum skulu vera aðgengileg fyrir aðildarríkin.

Í slíku tilviki verður að tilgreina á merkimiða úðabrusans, með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum, magn eldfimra efna í honum:

„X% af massa innihalds er eldfimt“.

3. Viðaukanum er breytt eins og sýnt er í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. apríl 1995 að telja.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Þessi tilskipun öðlast gildi tuttugu dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. janúar 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar er gerðar á tilskipun 75/324/EBE:

a) Í stað liðar 1.8 komi eftirfarandi:

„1.8 Eldfim efni

„Eldfim efni” eru efni og efnablöndur sem samsvara viðmiðunum sem mælt er fyrir um í flokkunum „gífurlega eldfimt”, „afar eldfimt” og „eldfimt” sem eru skráð í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE.

Eldfimi og kveikjumark úðabrusainnihaldsins er ákvarðað með sérstökum aðferðum sem er lýst í A-hluta V. viðauka við ofangreinda tilskipun.”

b) Í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. Áletranir

Með fyrirvara um tilskipanir um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, einkum varðandi hættu fyrir heilsu manna og/eða umhverfið, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum og læsilegum stöfum:

- a) Allar tegundir innihalds: „Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50° C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.”;
- b) Ef innihaldið er eldfimt í skilningi liðar 1.8: táknið „Eldfimt” þar sem við á, upplýsingar um að efnin og/eða efnablöndurnar sem úðabrusinn inniheldur, þar með talin drifefni, séu eldfim og viðeigandi hættusetningar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðmiðanirnar í liðum 2.2.3, 2.2.4 eða 2.2.5 í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og að því er varðar táknið „Eldfimt” og upplýsingar um hættu, í samræmi við ákvæði II. viðauka við ofangreinda tilskipun.

2.3. Sérstök fyrirmæli um notkun

Með fyrirvara um tilskipanir um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, einkum varðandi hættu fyrir heilsu manna og/eða umhverfið, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum og læsilegum stöfum:

- a) Allar tegundir innihalds: viðbótarvarúðarráðstafanir sem vekja athygli neytanda á sérstakri hættu sem varan hefur í för með sér;
- b) Ef innihaldið er eldfimt eftirfarandi varnaðarsetningar:
 - „Úðið ekki á opinn eld eða glóandi hluti.”
 - „Geymist fjarri hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.”
 - „Geymist þar sem börn ná ekki til.”

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**94/EES/50/02****nr. 14/94****frá 28. október 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 7. lið (tilskipun ráðsins 90/385/EBE) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

„7a. **394 L 0009:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum (Stjútíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls.1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjútíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUNINGSINS OG RÁÐSINS 94/9/EB frá 23. mars 1994

um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Það er skylda aðildarríkjanna að vernda á eigin yfirráðasvæði öryggi og heilsu manna og, eftir því sem við á, húsdýra og öryggi eigna og einkum launþega gagnvart þeirri hættu sem getur hlotist af notkun búnaðar og kerfa sem veita vernd á sprengihættustöðum.

Með lögboðnum ákvæðum aðildarríkjanna er ákveðið hvaða öryggisstigi skuli ná með öryggisbúnaði og -kerfum sem á að nota á sprengihættustöðum. Hér er að jafnaði um að ræða forskriftir sem eru ýmist rafmagnsforskriftir eða ekki er hafa áhrif á hönnun og gerð búnaðar sem má nota á sprengihættustöðum.

Kröfur sem slíkur búnaður þarf að mæta eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars, svo sem hversu víðtækar þær eru og hvað skoðunaraðferðir varðar. Þessi mismunur gæti skapað hömlur á viðskipti innan bandalagsins.

Eina færa leiðin til að afnema þessar viðskiptahömlur er fólgin í því að samhæfa innlenda löggjöf. Hvert aðildarríki um sig getur ekki náð þessu markmiði með fullnægjandi hætti. Í þessari tilskipun er einkum mælt fyrir um kröfur sem hafa úrslitaáhrif á frjálsan flutning búnaðar sem hún gildir um.

Reglugerðir sem eiga að afnema tæknilegar viðskiptahindranir verða að fylgja nýju aðferðinni sem kveðið er á um í ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 (3) þar sem krafist er skilgreiningar á

grunnkröfum sem varða öryggi og öðrum kröfum samfélagsins án þess að dregið sé úr réttmætum kröfum um verndun sem eru fyrir hendi í aðildarríkjunum. Með þeirri ályktun er kveðið á um að fjölmargar framleiðsluvörur falli undir eina tilskipun til að komist verði hjá tíðum breytingum og uppsöfnun tilskipana.

Með gildandi tilskipunum um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnsbúnað til notkunar á sprengihættustöðum hafa verið stigin jákvæð skref til verndar gegn sprengingum með ráðstöfunum sem hafa með gerð viðkomandi búnaðar að gera og hafa stuðlað að afnámi viðskiptahindrana á þessu sviði. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að endurskoða og færa út gildissvið þeirra tilskipana sem eru fyrir hendi þar sem, nánar til tekið, verður út frá almennu sjónarmiði að grípa til aðgerða til verndar gegn hugsanlegri hættu sem getur stafað af slíkum búnaði. Þetta felur einkum í sér að íhuga verður þegar á hönnunar- og framleiðslustigum ráðstafanir sem eiga að tryggja örugga vernd fyrir notendur og þriðju aðila.

Með tilliti til eðlis hættunnar eru verndarráðstafanirnar og prófunaraðferðirnar oft mjög líkar, ef ekki þær sömu, bæði vegna vinnu ofan- og neðanjarðar. Af þeim sökum er lífsnauðsynlegt að láta eina tilskipun gilda um öryggisbúnað og -kerfi sem falla undir báðar tegundirnar.

Þær tvær gerðir búnaðar sem um getur að framan eru notaðar í ríki mæli á sviði verslunar og iðnaðar og hafa mikilvægt efnahagslegt gildi.

Afar mikilvægt er að farið sé að grunnkröfum um öryggi og heilbrigði til að tryggja örugga notkun öryggisbúnaðar og -kerfa. Kröfunum hefur verið skipt frekar niður í almennar og viðbótarkröfur sem öryggisbúnaður og -kerfi verða að fullnægja. Viðbótarkröfunum er einkum ætlað að taka mið af hættu sem er fyrir hendi eða gæti komið til. Öryggisbúnaður og -kerfi verða því að uppfylla minnst eina af þessum kröfum þegar það er nauðsynlegt til að þau komi að haldi eða starfi í samræmi við fyrirhugaða notkun. Hugtakið fyrirhuguð notkun er afar mikilvægt vegna sprengiprófunar öryggisbúnaðar og -kerfa. Frumskilyrði er að framleiðendur veiti fullnægjandi upplýsingar. Einnig er nauðsynlegt að umræddur búnaður sé greinilega merktur og fram komi hvernig eigi að nota hann á sprengihættustöðum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.14/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. C 46, 20. 2. 1992, bls. 19.

(2) Stjtið. EB nr. C 106, 27. 4. 1992, bls. 9.

(3) Stjtið. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

Markmiðið er að semja tilskipun um aðgerðir á sprengihættustöðum sem grundvallast á 118. gr. a. Þeirri viðbótarilskipun er einkum ætlað að fjalla um sprengihættu sem stafar af ákveðinni notkun og/eða gerðum og aðferðum við uppsetningu.

Fara verður að grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd eigi að tryggja að búnaðurinn verði öruggur í notkun. Leggja verður mat á framkvæmd þessara grunnkröfna svo að bæði verði tekið mið af þeirri tækni sem er notuð við framleiðsluna og tæknilegum og efnahagslegum skilyrðum.

Þessi tilskipun fjallar því eingöngu um grunnkröfur. Til að auðveldara sé að færa sönnur á samræmi við þessar grunnkröfur er nauðsynlegt að til séu samhæfðir evrópskir staðlar, einkum að því er varðar þá þætti við sprengivarnir sem eru ekki rafmagnsfræðilegir —svo sem staðla í tengslum við hönnun, framleiðslu og prófun búnaðar, svo að vara sem er í samræmi við þá geti talist uppfylla slíkar grunnkröfur. Þessir samhæfðu evrópsku staðlar eru settir af einkaaðilum og verða því að halda áfram að vera ólögboðnir. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem þar til bærir aðilar til að samþykkja samhæfða staðla í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja aðila, sem voru undirritaðar þann 13. nóvember 1984. Í þessari tilskipun merkir samhæfður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) sem er samþykkt af öðrum eða báðum þessum aðilum eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um á grundvelli ákvæða tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983, sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽¹⁾, og samkvæmt áður nefndum almennum viðmiðunarreglum.

Bæta þarf lagarammann til að tryggja að vinnuveitendur og launþegar leggi sitt af mörkum við stöðlunarferlið. Þeirri vinnu skal lokið þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmda.

Með tilliti til eðlis þeirrar hættu sem felst í notkun búnaðar á sprengihættustöðum er nauðsynlegt að kveða á um aðferðir sem hægt er að nota þegar meta á hvort farið er að grunnkröfum tilskipunarinnar. Þessar aðferðir skal semja með hliðsjón af því hve mikil hættu getur stafað af búnaðinum og/eða af því hvaða kerfi verða að vera fyrir hendi til að vernda nánasta umhverfi. Af þeim sökum verður að bæta hvern samræmisflokk búnaðar með viðeigandi aðferð eða vali á milli mismunandi sambærilegra aðferða. Aðferðirnar sem verða ákveðnar verða að vera í fullu samræmi við ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu ⁽²⁾.

Ráðið hefur kveðið á um að annaðhvort framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans í bandalaginu skuli sjá um CE-merkinguna. Sú merking gefur til kynna að varan fullnægi öllum

grunnkröfum og matsaðferðum sem kveðið er á um í lögum bandalagsins sem gilda um vöruna.

Við hæfi er að aðildarríkin geti, eina og kveðið er á um í 100. gr. a í sáttmálanum, gert bráðabirgðaráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu og notkun búnaðar og öryggiskerfa þegar þau stofna öryggi fólks og, eftir atvikum, húsdýra eða eigna í hættu, að því tilskildu að ráðstafanirnar falli undir eftirlitsráðstafanir bandalagsins.

Upplýsa skal þá sem ákvarðanir teknar í tengslum við þessa tilskipun snerta um rök er standa að baki og hvaða úrræði þeim standa til boða.

Hinn 18. desember 1985 samþykkti ráðið rammatilskipun um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum (76/117/EBE) ⁽³⁾ og hinn 15. febrúar 1982 tilskipun varðandi rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast (82/130/EBE) ⁽⁴⁾. Þegar við upphaf samhæfingavinnunnar var flugað að fara yfir í algjöra samhæfingu í stað samhæfingar að vild og að hluta sem þessar tilskipanir grundvallast á. Þessi tilskipun nær að öllu leyti yfir gildissvið framangreindra tilskipana og af þeim sökum skal fella þær niður.

Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Nauðsynlegt er að kveða á um bráðabirgðafyrirkomulag svo að unnt sé að markaðssetja og taka í notkun búnað sem er framleiddur í samræmi við innlendar reglugerðir sem eru í gildi þegar þessi tilskipun er samþykkt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Gildissvið, markaðssetning og frelsi til flutninga

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum.
2. Öryggis-, eftirlits- og stjórnæki sem eru ætluð til notkunar utan við sprengihættustaði en sem eru nauðsynleg eða stuðla að því að búnaðurinn og öryggiskerfin virki rétt hvað varðar sprengihættu falla einnig undir gildissvið þessarar tilskipunar.
3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Búnaður og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/182/EBE (OJ nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 24, 31. 1. 1976, bls. 45. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/487/EBE (OJ nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 23).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 59, 2. 3. 1982, bls. 10.

- a) „Búnaður“: vélar, tæki, fastur eða hreyfanlegur búnaður, stýribúnaður og tæki tengd honum, greiningar- eða varnarkerfi sem, hvert um sig eða sameiginlega, eiga að framleiða, flytja, geyma, mæla, stýra og umbreyta orku við efnavinnslu og geta valdið sprengingu með eigin kveikjugjöfum.
- b) „Öryggiskerfi“: útbúnaður sem er ætlað að stöðva þegar í stað sprengingu sem er að hefjast og/eða takmarka það svæði sem logar eða þrýstingur frá sprengingu verka á. Öryggiskerfi geta verið hluti af öðrum búnaði eða verið sett á markað sem sjálfstæð kerfi.
- c) „Íhluti“: hver sá hluti sem er nauðsynlegur til að búnaðurinn og öryggiskerfið verki örugglega en hafa ekki sjálfstætt hlutverk.

Sprengifimt loft

Blöndun lofts í andrúmslofti við eldfim efni í formi gastegunda, gufu, misturs eða ryks þar sem eldurinn breiðist út í alla blönduna sem óbrunnin er eftir að kviknað hefur í.

Sprengihættustaður

Andrúmsloft sem gæti orðið sprengifimt vegna aðstæðna eða rekstrarskilyrða.

Flokkar og undirflokkar búnaðar

Búnaðarflokkur I gildir um búnað sem er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og um þá hluta af búnaði þeirra ofanjarðar þar sem hætta getur verið búin vegna eldfims gass og/eða eldfims ryks.

Búnaðarflokkur II gildir um búnað sem er ætlaður til notkunar á öðrum stöðum þar sem hætta er á sprengifimu lofti.

Undirflokkum búnaðar með skilgreiningum á kröfum um verndarstig er lýst í I. viðauka.

Hægt er að hanna búnað og öryggiskerfi fyrir tiltekinn sprengistað. Í því tilviki verða þau að vera sérstaklega merkt.

Fyrirhugud not

Notkun búnaðar, öryggiskerfa og tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. í samræmi við búnaðarflokk og -undirflokk og við allar upplýsingar sem framleiðandi veitir og eru nauðsynlegar til að búnaðurinn, öryggiskerfin og tækin starfi örugglega.

4. Eftirfarandi fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar:
- lækningatæki sem á að nota við læknisfræðilegar aðstæður,

- búnaður og öryggiskerfi þar sem sprengihættan stafar einvörðungu af tilvist sprengiefna eða óstöðugra kemískra efna,
- búnaður sem er ætlaður til notkunar á heimilum og annars staðar þar sem ekki er um viðskiptaumhverfi að ræða þar sem lítil sprengihætta er fyrir hendi, og einungis vegna gas- eða olíuleka af slysní,
- persónuhlífar sem falla undir tilskipun 89/686/EBE (1),
- hafskip og hreyfanlegar haffærar einingar ásamt búnaði um borð í slíkum skipum eða einungum,
- flutningatæki, þ.e. ökutæki og eftirvagnar þeirra sem eru einungis ætlaðir til flutninga á farþegum í lofti eða á vegum, eftir járnbrautum eða vatnaleiðum og flutningatæki að svo miklu leyti sem þau eru hönnuð fyrir flutninga á vörum í lofti eða á vegum, eftir járnbrautum eða vatnaleiðum. Ökutæki sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum eru ekki undanskilin,
- búnaðurinn sem fellur undir b-lið 1. mgr. 223. gr. sáttmálans.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að því aðeins verði heimilt að markaðssetja og taka í notkun búnað, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og þessi tilskipun gildir um að heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra eða öryggi eigna stafi ekki hætta af þeim þegar þau eru sett upp á réttan hátt og haldið við sem skyldi og notuð í ráðgerðum tilgangi.
2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að setja fram, innan marka ákvæða sáttmálans, allar kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að menn og einkum launþegar séu varðir þegar þeir nota umræddan búnað, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér að slíkum búnaði, öryggiskerfum og tækjum verði breytt á nokkurn hátt sem ekki er tilgreindur í þessari tilskipun.
3. Aðildarríkjum er óheimilt að koma í veg fyrir sýningu á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum o.s.frv. á búnaði, öryggiskerfum eða tækjum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að búnaðurinn, öryggiskerfin og tækin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. séu ekki í samræmi og séu ekki til sölu fyrir framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu hefur fært þau til samræmis við ákvæðin. Skyld er að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi fólks á meðan á sýningu stendur.

(1) Stjóttö. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18.

3. gr.

Búnaður, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og þessi tilskipun gildir um skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem um þau gilda og eru tilgreindar í II. viðauka, að teknu tilliti til fyrirhugaðra nota.

4. gr.

1. Aðildarríkin mega hvorki banna, takmarka né hindra markaðssetningu búnaðar, öryggiskerfa eða tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. sem fullnægja ákvæðum þessarar tilskipunar eða að þau verði tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra.
2. Aðildarríki mega hvorki banna, takmarka né hindra markaðssetningu íhluta sem samræmisvottorðið sem um getur í 3. mgr. 8. gr. fylgir og á að setja í búnaðinn eða öryggiskerfin sem þessi tilskipun gildir um.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að eftirtalið uppfylli öll ákvæði þessarar tilskipunar, að samræmisáðferðunum sem mælt er fyrir um í II. kafla meðtöldum:
 - búnaður, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. er EB-samræmisýfirlýsingin sem um getur í X. viðauka fylgir og eru með CE-merkinguna sem kveðið er á um í 10. gr.,
 - íhlutarnir sem um getur í 2. mgr. 4. gr. sem samræmisvottorðið sem um getur í 3. mgr. 8. gr. fylgir.

Þegar samhæfða staðla skortir ber aðildarríkjunum að gera allar ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvægar eða viðeigandi til að rétt sé staðið að framkvæmd grunnkrafanna í II. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

2. Þegar landsstaðall, sem er til framkvæmdar samhæfðum staðli er tilvísun í hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, tekur til einnar eða fleiri af grunnkröfunum um öryggi og heilsuvernd skal gengið út frá því að búnaður, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr., eða íhlutarnir sem um getur 2. mgr. 4. gr., sem eru smíðuð í samræmi við þennan staðal uppfylli viðeigandi grunnkröfur um öryggi og heilsuvernd.

Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í landsstaðla sem eru til framkvæmdar samhæfðum stöðlum.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að gera aðilum vinnumarkaðarins kleift að hafa áhrif á samningu og eftirlit með samhæfðum stöðlum í löndum sínum.

6. gr.

1. Telji aðildarríki eða framkvæmdastjórnin að samhæfðu staðlarnir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. fullnægi ekki að öllu leyti viðeigandi grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd sem um getur í 3. gr. skal framkvæmdastjórnin eða aðildarríkið sem í hlut á leggja málið fyrir nefndina sem var stofnuð samkvæmt tilskipun 83/189/EBE, hér á eftir kölluð „nefndin“, og færa fram rök máli sínu til stuðnings. Nefndin skal skila álitum án tafar.

Að fengnu álitum nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella viðkomandi staðla niður í birtingargögnunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr. gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að eiginleg framkvæmd þessarar tilskipunar verði einsleit.
3. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar skipaðri fulltrúum sem aðildarríkin tilnefna og er fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar formaður hennar.

Fastanefndin setur sér starfsreglur.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitum sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formanninum er heimilt að setja eftir því hve málið er brýnt, með atkvæðagreiðslu ef þurfa þykir.

Greina skal frá álitum nefndarinnar í fundargerðinni. Auk þess hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin tekur írasta tillit til álits nefndarinnar. Hún tilkynnir nefndinni um hvernig tekið verði tillit til álits hennar.

4. Fastanefndin getur enn fremur kannað öll mál sem upp kunna að koma við beitingu þessarar tilskipunar og formaður leggur fyrir hana annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

7. gr.

1. Verði aðildarríki þess áskynja að búnaður, öryggiskerfi og tæki samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sem eru með CE-samræmismarkeringu og notuð eins og ætlast er til, geti stofnað öryggi einstaklinga, og eftir því sem við á, húsdýra eða eigna í hættu skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að innkalla slíkan búnað eða öryggiskerfi, banna að þau verði sett á markað eða tekin í notkun eða takmarka frjálsa flutninga á þeim.

Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar slíkar ráðstafanir og geta ástæðna fyrir ákvörðun sinni, einkum hvort ósamræmið stafi af því að:

- a) grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. eru ekki uppfylltar;
 - b) stöðlum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. hafi verið beitt á rangan hátt;
 - c) annmarkar séu á sjálfum stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og unnt er. Álíti framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði, að ráðstafanirnar séu réttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það því aðildarríki sem átti frumkvæðið og hinum aðildarríkjunum. Álíti framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði, að ráðstafanirnar séu ekki réttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það því aðildarríki sem átti frumkvæðið og framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu. Þegar ákvörðunin sem um getur í 1. mgr. er rökstudd með annmarka á stöðlunum og aðildarríkið sem tók ákvörðunina hvíkar ekki frá afstöðu sinni ber framkvæmdastjórninni að tilkynna það nefndinni þegar í stað svo að hún hefji málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 6. gr.
3. Ef búnaður eða öryggiskerfi sem fullnægir ekki settum ákvæðum er með CE-samræmismarkeringuna skal lögbært aðildarríki hefja viðeigandi aðferðir gegn þeim sem setti merkinguna á og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.
4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framgang og lyktir þessa máls.

II. KAFLI

Aðferðir við samræmismat

8. gr.

1. Aðferðir við samræmismat búnaðar, að meðtöldum tækjunum sem um getur í 2. mr. 1. gr. ef með þarf, skulu vera sem hér segir:
 - a) Búnaðarflokkur I og II, búnaðarundirflokkur M 1 og 1

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu verður, með það í huga að nota CE-merkinguna, að fylgja EB-gerðarprófunaraðferðinni (sem um getur í III. viðauka) í tengslum við:

 - aðferð fyrir gæðatryggingu framleiðslu (sem um getur í IV. viðauka),

eða

 - aðferð fyrir sannprófun vöru (sem um getur í V. viðauka).

- b) Búnaðarflokkur I og II, búnaðarundirflokkur M 2 og 2
 - i) Með tilliti til brunahreyfla og rafbúnaðar úr þessum flokkum og undirflokkum skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, fylgja EB-gerðarprófunaraðferðinni (sem um getur í III. viðauka) í tengslum við:
 - aðferð fyrir gerðarsamræmi (sem um getur í VI. viðauka),

eða

 - aðferð fyrir gæðatryggingu vöru (sem um getur í VII. viðauka).
 - ii) Með tilliti til annars búnaðar í þessum flokkum og undirflokkum verður framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, að fylgja aðferð fyrir innra eftirlit með framleiðslu (sem um getur í VIII. viðauka)

og

senda tækniskjölin sem kveðið er á um í 3. lið VIII. viðauka áfram til tilkynnts aðila sem skal staðfesta móttöku þeirra eins fljótt og hægt er og hafa þau í vörslu sinni.

- c) Búnaðarflokkur II, búnaðarundirflokkur 3

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu verður, með það í huga að nota CE-merkinguna, að fylgja aðferð fyrir innra eftirlit með framleiðslu (sem um getur í VIII. viðauka).

- d) Búnaðarflokkur I og II

Til viðbótar við aðferðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, einnig fylgt aðferð fyrir EB-sannprófun eintaka (sem um getur í IX. viðauka).

2. Ákvæði a- eða d-liðar 1. mgr. skulu gilda um samræmismat á sjálfstæðum öryggiskerfum.
3. Aðferðirnar sem um getur í 1. mgr. skulu gilda um íhluta samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nema hvað varðar notkun CE-merkingar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal gefa út vottorð með yfirlýsingu um að íhlutarnir séu í samræmi við þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um þá og tilgreina einkenni

þeirra og hvernig eigi að fella þá inn í búnaðinn eða öryggiskerfin svo að unnt sé að uppfylla grunnkröfurnar sem gilda um fullbúinn búnaðinn eða öryggiskerfin.

4. Auk þess getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, fylgt aðferð fyrir innra eftirlit með framleiðslu (sem um getur í VIII. viðauka) með hliðsjón af öryggisatriðum sem um getur í lið 1.2.7 í II. viðauka.
5. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 4. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað, að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni, að séu sett á markað og tekin í notkun á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis búnaður, öryggiskerfi og einstök tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. sem aðferðirnar sem um getur í 1. til 4. mgr. hafa ekki verið notaðar á ef þau eru notuð í öryggisskyni.
6. Skjöl og bréfaviðskipti viðvíkjandi þeim aðferðum sem um getur í 1. til 4. mgr. skulu vera á opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem aðferðunum er beitt eða á tungumáli sem tilkynnti aðilinn samþykkir.
7. a) Ef búnaður og öryggiskerfi falla samtímis undir aðrar tilskipanir bandalagsins sem fjalla um aðra þætti og hafa einnig að geyma ákvæði um notkun CE-merkingarinnar sem um getur í 10. gr. skal í þeirri merkingu koma fram að gengið sé út frá því að búnaðurinn og öryggiskerfin séu í samræmi við ákvæði viðkomandi tilskipana.
- b) Gefi hins vegar ein eða fleiri þessara tilskipana framleiðanda kost á að velja, á aðlögunartímabili, það fyrirkomulag sem hann óskar að beitt verði táknað CE-merkið aðeins samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandi beitir. Þegar svo háttar til verður að veita upplýsingar um einstök atriði þessara tilskipana, eins og þær hafa birst í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í skjölum, auglýsingum eða leiðbeiningum sem krafist er í þessum tilskipunum og fylgja búnaðinum og öryggiskerfunum.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að framkvæma aðferðirnar sem um getur í 8. gr., um þau sérstöku verkefni sem þessum aðilum hefur verið falið að framkvæma og kenninúmer sem framkvæmdastjórnin hefur áður úthlutað þeim.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tilkynntu aðilana, kenninúmer þeirra og þau verkefni sem þeim hafa verið falin í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim viðmiðunum sem kveðið er á um í XI. viðauka við mat á þeim aðilum sem á að tilnefna.

Gert skal ráð fyrir að þeir aðilar sem standast viðmiðanir viðeigandi samhæfðra staðla uppfylli þessar viðmiðanir.

3. Aðildarríki sem hefur samþykkt aðila skal draga tilkynninguna til baka telji það að aðilinn uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar sem um getur í XI. viðauka. Það skal þegar í stað tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

III. KAFLI

CE-samræmismerking

10. gr.

1. CE-samræmismerkingin felur í sér bókstafina „CE”. Fyrirmynd að merkinu sem á að nota er sýnd í X. viðauka. Á eftir CE-merkingunni skal koma kenninúmer tilkynnta aðilans ef sá aðili tekur þátt í eftirliti á framleiðslustigi.
2. CE-merkingin skal fest þannig að hún sjáist greinilega, sé læsileg og óafmáanleg af búnaðinum og öryggiskerfunum auk þess sem hún skal uppfylla ákvæði liðar 1.0.5 í II. viðauka.
3. Óheimilt er að setja merkingar á búnaðinn og öryggiskerfin sem geta leitt þriðju aðila á villigötur hvað varðar inntak og eðli CE-merkingarinnar. Setja má aðrar merkingar á búnaðinn og öryggiskerfin, að því tilskildu að þær skyggi ekki á CE-merkinguna eða hún verði minna læsileg.

11. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 7. gr.:

- a) sýni aðildarríki fram á að CE-merkingin hafi verið ranglega fest er framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu skylt að sjá til þess að varan uppfylli samræmiskröfur ákvæða varðandi CE-merkingu og að binda enda á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur;
- b) haldi varan áfram að brjóta gegn samræmisákvæðunum skal aðildarríkið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu umræddrar vöru eða sjá til þess að hún verði tekin úr umferð í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

12. gr.

Allar ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt þessari tilskipun og takmarka eða banna markaðssetningu og/eða notkun véla eða fela í sér kröfu um að búnaður, öryggiskerfi eða tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. sé tekið úr umferð skulu nákvæmlega

rökstuddar. Tilkynna skal þeim aðila sem hlut á að máli um ákvörðunina hið fyrsta og skulu honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur hagnýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

13. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að allir þeir sem hafa með framkvæmd þessarar tilskipunar að gera séu bundnir af þagnarskyldu hvaða varðar allar upplýsingar sem þeim hlotnast við störf sín. Þetta hefur ekki áhrif á skyldur aðildarríkjanna og tilkynntu aðilanna að veita gagnkvæmar upplýsingar og aðvaranir.

14. gr.

1. Tilskipanir 76/117/EBE, 79/196/EBE ⁽¹⁾ og 82/130/EBE skulu felldar úr gildi frá og með 1. júlí 2003.
2. EB-vottorð um samræmi við samhæfða staðla sem eru gefnir út í samræmi við ákvæði tilskipananna sem um getur í 1. mgr. skulu gilda áfram allt til 30. júní 2003 nema þau falli úr gildi fyrir þann dag. Gildissvið þeirra verður áfram takmarkað við samhæfðu staðlana sem eru tilgreindir í framangreindum tilskipunum.
3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilkynntu aðilarnir sem annast samkvæmt 1. til 4. mgr. 8. gr. samræmismat rafbúnaðar, sem er

markaðssettur fyrir 1. júlí 2003, taki mið af niðurstöðum prófana og sannprófana sem hafa þegar farið fram samkvæmt tilskipunum sem um getur í 1. mgr.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 1995. Þau tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. mars 1996.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Þó skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu búnaðar og öryggiskerfa sem eru í samræmi við gildandi innlendar reglugerðir og að þau séu tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra frá þeim degi sem tilskipun þessi er samþykkt og fram til 30. júní 2003.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 1994.

Fyrir hönd, Evrópuþingsins,

E. KLEPISCH

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

TH. PANGALOS

forseti

(¹) Stjttfö. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/487/EBE (OJ nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 23).

VIÐAUKI I

VIÐMIÐANIR FYRIR FLOKKUN BÚNAÐARFLOKKA Í UNDIRFLOKKA

1. Búnaðarflokkur I

- a) Undirflokkur M 1 tekur til búnaðar sem er hannaður og ef með þarf útbúinn með sérstakri viðbótarvörn þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á mjög háu stigi.

Búnaður í þessum undirflokki er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og í mannvirkjum náma sem eru ofanjarðar þar sem eldfimt gas og/eða eldfimt ryk getur myndast.

Þær kröfur eru gerðar til búnaðar í þessum undirflokki að hann virki, jafnvel í undantekningartilvikum þar sem truflanir verða, er varða búnaðinn, í sprengifimu lofti auk þess sem hann skal útbúinn frekari vörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.0.1 í II. viðauka.

- b) Undirflokkur M 2 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á háu stigi.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og í mannvirkjum náma sem eru ofanjarðar þar sem hætta er á að eldfimt gas og/eða eldfimt ryk geti myndast.

Hægt verður að vera að rjúfa aflgjöf til þessa búnaðar ef sprengihætta er á ferðum.

Varnir er tengjast búnaði í þessum undirflokki skulu tryggja fullnægjandi vernd við venjulega starfrækslu og einnig við meira krefjandi rekstrarskilyrði einkum þegar notkun fylgir mikið álag eða stöðugt breytilegar umhverfisáðstæður.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.0.2 í II. viðauka.

2. Búnaðarflokkur II

- a) Undirflokkur 1 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á mjög háu stigi.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem stöðugt er fyrir hendi, um lengri tíma eða iðulega, sprengifimt loft sem stafar af blöndun lofts og gastegunda, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks.

Búnaður í þessum undirflokki verður að tryggja fullnægjandi vernd, jafnvel í undantekningartilvikum þar sem truflanir verða, er varða búnaðinn, og skal hann útbúinn frekari vörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.1 í II. viðauka.

- b) Undirflokkur 2 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á háu stigi.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem líklegt er að sprengifimt loft sem stafar af gastegundum, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks geti myndast.

Varnir er tengjast búnaði í þessum undirflokki skulu tryggja fullnægjandi vernd, jafnvel þó að oft komi til truflana eða gangtruflanir í búnaðinum séu algengar.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.2 í II. viðauka.

- c) Undirflokkur 3 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi venjulega vörn.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem ólíklegt er að sprengifimt loft sem stafar af gastegundum, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks geti myndast eða, ef svo ber undir, þá gerist það sjaldan og aðeins í stuttan tíma í senn.

Búnaður í þessum undirflokki verður að tryggja fullnægjandi vernd við venjuleg notkunarskilyrði.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.3 í II. viðauka.

VIÐAUKI II

GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HEILSUVERND Í TENGLUM VIÐ HÖNNUN OG SMÍÐI BÚNAÐAR OG ÖRYGGISKERFA SEM ERU ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM

Inngangsaðgreiðing

- A. Taka ber tillit til tæknilegrar þekkingar, sem fleygir ört fram, að svo miklu leyti sem unnt er og hana skal nýta þegar í stað.
- B. Vegna tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skulu grunnkröfurnar gilda aðeins að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar til að tækin geti virkað vel og örugglega hvað sprengihættu varðar.

1. KRÖFUR SEM VARÐA BÆÐI BÚNAÐ OG ÖRYGGISKERFI

1.0. Almennar kröfur

1.0.1. Meginreglur um samþætt sprengiöryggi

Búnaður og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum verða að vera hönnuð með samþætt sprengiöryggi í huga.

Með þetta í huga skal framleiðandi sjá til þess:

- frammar öllu, ef nokkur kostur er, að koma í veg fyrir að sjálfur búnaðurinn eða öryggiskerfin geti myndað eða gefið frá sér sprengifimt loft,
- að koma í veg fyrir að kvikni í sprengifimu lofti, að teknu tilliti til eðlis allra kveikjugjafa hvort sem þeir eru rafknúnir eða ekki,
- verði engu að síður sprenging sem gæti beint eða óbeint stofnað fólki og, eftir atvikum, húsdýrum eða eignum í hættu, að kæfa hana þegar í stað og/ eða takmarka útbreiðslu loga eða þrýstings frá sprengingunni þannig að viðunandi öryggi sé tryggt.

1.0.2. Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með það í huga að hugsanlegt er að gangtruflanir geti átt sér stað og skal draga úr líkum á að hætta skapist eftir því sem kostur er.

Taka ber tillit til misnotkunar sem ætla má að geti átt sér stað.

1.0.3. Sérstök eftirlits- og viðhaldsskilyrði


Búnaður og öryggiskerfi sem sérstök eftirlits- og viðhaldsskilyrði gilda um skulu hönnuð og smíðuð með slík skilyrði í huga.

1.0.4. Umhverfisskilyrði

Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með tilliti til raunverulegra og fyrirsjáanlegra umhverfisaðstæðna.

1.0.5. Merking

Eftirfarandi lágmarksupplýsingar skulu koma fram á öllum búnaði og öryggiskerfum og verða þær að vera læsilegar og óafmáanlegar:

- nafn og heimilisfang framleiðanda,
- CE-merking (sjá A-lið í X. viðauka),
- auðkenni raðar eða gerðar,
- raðnúmer, ef það er fyrir hendi,
- smíðaár,
- sérstakt sprengiöryggismerki  ásamt tákni fyrir búnaðarflokk og -undirflokk,
- fyrir búnaðarflokk II, stafurinn „G” (sem táknar sprengifimt loft er stafar af gastegundum, gufu eða mistri),

og/eða

stafurinn „D” (sem táknar sprengifimt loft er stafar af ryki).

Enn fremur ef með þarf verða þau einnig að vera merkt með öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að tryggja örugga notkun þeirra.

1.0.6. Notkunarleiðbeiningar

a) Öllum búnaði og öryggiskerfum verður að fylgja notkunarleiðbeiningar, þar sem eftirfarandi lágmarksupplýsingar verða að koma fram:

- sömu upplýsingar og fram koma á búnaðinum eða öryggiskerfinu, að raðnúmerinu undanskildu (sjá lið 1.0.5), ásamt viðeigandi viðbótarupplýsingum er koma að gagni vegna viðhalds (t.d. heimilisfang innflytjanda, viðgerðarþjónusta o.s.frv.);
- leiðbeiningar um örugga:
 - gangsetningu,
 - notkun,
 - samsetningu og hvernig búnaðurinn er tekinn úr notkun,
 - viðhald (viðgerðir og neyðarþjónusta),
 - uppsetningu,
 - aðlögun;
- ef með þarf, vísbending um hættusvæði fyrir framan þrýstingslosunartæki;
- ef með þarf, kennsluleiðbeiningar;
- leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka óyggjandi ákvörðun um hvort unnt er að nota búnað í tilteknum undirflokki eða öryggiskerfi án áhættu á þeim stað og við þau notkunarskilyrði sem fyrirhuguð voru;
- forskriftir varðandi rafmagn og þrýsting, hámarksyfirborðshitastig og önnur markgildi;
- ef með þarf, sérstök notkunarskilyrði, að meðtöldum upplýsingum um hugsanlega misnotkun sem reynslan hefur sýnt að geti átt sér stað;
- ef með þarf, grunneinkenni áhalda sem geta verið fest við búnaðinn eða öryggiskerfið.

- b) Leiðbeiningarnar skulu samdar á bandalagstungumáli af framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

Þegar hann er tekinn í notkun skal öllum búnaði og öryggiskerfum fylgja þýðing á leiðbeiningunum á tungumáli eða tungumálum landsins þar sem á að nota búnaðinn eða öryggiskerfið auk leiðbeininganna á frummálinu.

Þýðinguna skal annaðhvort framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu annast eða sá sem afgreiðir búnaðinn eða öryggiskerfið á umræddu málsvæði.

Þrátt fyrir þessa kröfu, er heimilt að viðhaldsleiðbeiningar sem eru ætlaðar sérfræðingum sem starfa á vegum framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu séu á einu bandalagstungumáli sem viðkomandi starfsmenn skilja.

- c) Leiðbeiningunum skulu fylgja teikningar og skýringarmyndir sem hafa skal til hliðsjónar þegar búnaðurinn eða öryggiskerfið er tekið í notkun, haldið við, skoðað, fylgst er með því að það starfi rétt og, eftir því sem við á, fram fara viðgerðir á búnaðinum eða öryggiskerfinu, ásamt öllum gagnlegum upplýsingum, einkum er varða öryggi.
- d) Bæklingar sem lýsa búnaðinum eða öryggiskerfinu mega ekki hafa að geyma upplýsingar er stangast á við leiðbeiningarnar, hvað öryggissjónarmið varðar.

1.1. Val á efni

- 1.1.1. Efni sem eru notuð við smíði búnaðar og öryggiskerfa mega ekki geta orsakað sprengingu, auk þess sem tekið skal tillit til fyrirsjáanlegs notkunarálags.
- 1.1.2. Innan marka þeirra notkunarskilyrða er framleiðandi setur mega ekki koma fram viðbrögð milli efna sem eru notuð og efnisþátta á sprengihættustöðum sem gætu dregið úr sprengivernd.
- 1.1.3. Efni skal velja þannig að fyrirsjáanlegar breytingar á eiginleikum þeirra og hvernig þau samhæfast öðrum efnum dragi ekki úr þeirri vernd sem er veitt; einkum skal tekið tilhlýðilegt tillit til tæringar og vatnsþols efnisins, rafmagnsleiðni, slitþols, endingar og afleiðinga breytilegs hitastigs.

1.2. Hönnun og smíði

- 1.2.1. Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með tilhlýðilegu tilliti til tæknilegrar þekkingar á sprengivörnum svo að unnt sé að nota þau af öryggi allan áætlaðan endingartíma þeirra.
- 1.2.2. Íhlutar sem á að setja í þau eða nota sem varahluti í búnað og öryggiskerfi verða að vera þannig hannaðir og smíðaðir að unnt sé að nota þá af öryggi í samræmi við fyrirhuguð not þeirra sem sprengivörn þegar þeir eru settir upp samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- 1.2.3. Lokaður útbúnaður og lekavarnir

Búnaður sem getur losað eldfimar gastegundir eða ryk verður undir öllum kringumstæðum að notast við lokaðan útbúnað.

Ef op eða óþétt samskeyti eru á búnaði verður að vera þannig gengið frá þeim að gastegundir eða ryk sem myndast leiði ekki til þess að sprengifimt loft myndist utan við búnaðinn.

Raufar sem eru notaðar til áfyllingar eða tæmingar verða, að svo miklu leyti sem hægt er, að vera hannaðar og útbúnar þannig að útleiðsla eldfimra efna sé takmörkuð við áfyllingu og tæmingu.

1.2.4. Rykmyndun

Búnaður og öryggiskerfi sem á að nota á svæðum þar sem rykmyndun er verða að vera hönnuð þannig að ryklög sem myndast á yfirborði þeirra verði ekki til þess að í þeim kvikni.

Almenna reglan er sú að draga beri úr rykmyndun eins og kostur er. Auðvelt skal vera að hreinsa búnað og öryggiskerfi.

Yfirborðshiti mismunandi hluta búnaðarins skal vera vel undir glóhitamörkum ryklagsins.

Taka ber tillit til þykktar ryklagsins og, ef með þarf, gera ráðstafanir til að takmarka hitann til að koma í veg fyrir aukna hitamyndun.

1.2.5. Viðbótaröryggisbúnaður

Búnaður og öryggiskerfi sem getur orðið fyrir ákveðnum tegundum af álagi skulu útbúin, ef með þarf, með viðbótaröryggisbúnaði.

Búnaðurinn verður að standast það álag sem hann verður fyrir án þess að sprengivörninn minnki.

1.2.6. Áhættalaus opnun

Ef búnaður og öryggiskerfi eru í lokuðu rými eða hylki sem er hluti af sprengivörninni sjálfri má einungis vera hægt að opna slíkt rými eða hylki með sérstöku verkfæri eða með viðeigandi öryggisopnun.

1.2.7. Verndun gegn annars konar áhættu

Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og framleidd þannig að:

- a) ekki sé hættu á líkamsmeiðingum eða öðrum skaða er getur hlotist af beinni eða óbeinni snertingu;
- b) að aðgengilegir hlutar hitni ekki á yfirborðinu eða áhættusöm geislun myndist ekki;
- c) komist sé hjá annarri hættu en raffræðilegri sem reynslan hefur sýnt að getur orðið;
- d) fyrirsjáanlegar aðstæður þar sem álag verður of mikið leiði ekki til hættuástands.

Þegar í öðrum tilskipunum bandalagsins er fjallað um áhættu í tengslum við búnað og öryggiskerfi sem um getur í þessari málsgrein skal þessi tilskipun ekki gilda eða hætta að gilda um slíkan búnað og öryggiskerfi og slíka áhættu frá þeim tíma er þessar sértilskipanir koma til framkvæmda.

1.2.8. Yfirálag á búnað

Þegar á hönnunarstigi skal fyrirbyggja að of mikið álag verði á búnaðinum með innbyggðum mæli-, stjórn- og eftirlitstækjum, eins og yfirstraumslekarofum,

hitamælum, mismunaprýstingsrofum, straummælum, hikrofum, snúningsteljurum og/eða svipuðum stýribúnaði.

1.2.9. Eldvarin hylki

Ef hlutum sem geta myndað sprengifimt loft er komið fyrir í hylki skal gera ráðstafanir til að tryggja að hylkið standist prýsting sem getur myndast við innri sprengingu sprengifimrar blöndu og hindra að sprengingin berist í sprengifima loftið sem er umhverfis hylkið.

1.3. Hugsanlegir kveikjugjafar

1.3.1. Áhætta vegna ólíkra kveikjugjafa

Hugsanlegir kveikjugjafar eins og glæður, logar, rafmagnsljósbogar eða hátt yfirborðshitastig, hljóðorka, sjónræn geislun, rafsegulbylgjur og aðrir kveikjugjafar mega ekki vera fyrir hendi.

1.3.2. Áhætta vegna stöðurafmagns

Komið skal í veg fyrir stöðurafmagn sem getur leitt til hættulegrar útleiðslu með viðeigandi ráðstöfunum.

1.3.3. Áhætta af völdum flökku- og lekastraums

Komið skal í veg fyrir flökku- og lekastraum í rafleiðandi hlutum búnaðar sem gæti til dæmis leitt til hættulegrar tæringar, að yfirborð ofhitnaði eða myndunar neista sem gætu valdið íkveikju.

1.3.4. Áhætta af völdum ofhitunar

Á hönnunarstigi skal komið í veg fyrir, að svo miklu leyti sem hægt er, ofhitun sem stafar til dæmis af núningi eða höggi á milli efna og hluta sem komast í snertingu hver við annan við snúning eða vegna aðskotahluta.

1.3.5. Áhætta af völdum prýstingsjöfnunar

Búnaður og öryggiskerfi skulu hönnuð þannig eða vera útbúin innbyggðum mæli-, stjórni- og eftirlitstækjum sem sjá til þess að prýstingsjöfnun fari þannig fram að ekki myndist höggbylgjur eða prýstiloft sem getur valdið íkveikju.

1.4. Áhætta vegna ytri áhrifa

1.4.1. Búnaður og öryggiskerfi skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau gegni fyrirhuguðu hlutverki sínu af fyllsta öryggi, með hliðsjón af þeim notkunarskilyrðum sem framleiðandi setur, jafnvel við breytilegar umhverfisaðstæður sem geta stafað af flökkustraumi, raka, hristingi, mengun og öðrum ytri þáttum.

1.4.2. Hlutar búnaðar skulu hæfa fyrirhuguðu vélrænu álagi og hitastigi og geta staðist ágang niðurrifsefna sem eru fyrir hendi eða fyrirsjáanleg.

1.5. Kröfur vegna búnaðar sem stuðlar að öryggi

1.5.1. Öryggisbúnaður verður að starfa óháð öllum mæli- eða stýribúnaði sem er nauðsynlegur fyrir starfræksluna.

Að svo miklu leyti sem hægt er skal vera unnt að greina bilun í öryggisbúnaði nógu fljótt, með viðeigandi tæknibúnaði, til að tryggt sé að einungis mjög litlar líkur séu á að hættuástand geti skapast.

Að jafnaði skal meginreglan um virkt öryggi gilda um rafrásir.

Öryggisráðstafanir skulu sem meginregla virkja viðeigandi stýribúnað beint án þess að hugbúnaðarskipun þurfi að koma til.

1.5.2. Komi fram bilun í öryggistæki skal þess gætt að búnaði og öryggiskerfi sé haldið gangandi ef þess er nokkur kostur.

1.5.3. Neyðarstöðvunarrofar öryggistækja verða, eftir því sem hægt er, að vera með loka sem kemur í veg fyrir endurræsingu. Ný ræsiskipun má einungis verða til þess að tækið fari í gang eftir að endurræsingarlokar hafa verið endurstilltir með viðeigandi hætti.

1.5.4. Stýri- og skjábúnaður

Ef stýri- og skjábúnaður er notaður skal hann hannaður í samræmi við vinnuvistfræðilegar meginreglur til að unnt sé að tryggja öryggi á hæsta stigi hvað sprengihættu varðar.

1.5.5. Kröfur vegna tækja sem eru notuð til mælinga í tengslum við sprengivarnir

Að svo miklu leyti sem þau varða búnað sem er notaður í sprengifimu lofti skulu tæki notuð til mælinga hönnuð og smíðuð þannig að þau geti uppfyllt fyrirsjáanlegar notkunarkröfur og sérstök notkunarskilyrði.

1.5.6. Ef með þarf verður að vera hægt að hafa eftirlit með álestrarnákvæmni og notagildi tækja sem eru notuð til mælinga.

1.5.7. Við hönnun tækja sem eru notuð til mælinga verður að gera ráð fyrir öryggisþætti sem tryggir að viðvörunarþröskuldurinn sé nógu langt fyrir neðan sprengi- og/ eða kveikimörk loftsins sem á að skrá, einkum að teknu tilliti til notkunarskilyrða búnaðarins og hugsanlegra frávíka í mælikerfinu.

1.5.8. Hugbúnaðaráhætta

Við hönnun gagnastýrðs búnaðar, öryggiskerfa og -tækja skal sérstaklega gefa gaum að áhættu sem getur stafað af galla í hugbúnaði.

1.6. Öryggiskröfur sem eru gerðar til kerfisins

1.6.1. Það verður að vera hægt að stöðva handvirkt búnað og öryggiskerfi, ef þau eru innlimuð í sjálfvirk ferli sem eru frábrugðin ráðgerðri starfrækslu, að því tilskildu að það stofni ekki öryggi í hættu.

1.6.2. Þegar neyðarstöðvunarbúnaðurinn er gangsettur skal leiða uppsafnaða orku í burt eins fljótt og örugglega og hægt er eða einangra hana svo að hún skapi ekki hættu.

Þetta gildir ekki um orku sem er geymd á rafefnafræðilegu formi.

1.6.3. Hætta vegna aflskorts

Þegar búnaður og öryggiskerfi geta valdið því að ný hætta skapist ef til aflskorts kemur skal vera hægt að halda þeim gangandi svo öruggt sé óháð annari starfrækslu.

1.6.4. Áhætta vegna tenginga

Búnaður og öryggiskerfi verða að vera útbúin með viðeigandi kapla- og leiðslutengjum.

Þegar nota á búnað og öryggiskerfi í tengslum við annan búnað og öryggiskerfi verður skilflöturinn að vera öruggur.

1.6.5. Notkun viðvörunarbúnaðar í tengslum við búnað

Þegar búnaður og öryggiskerfi eru útbúin með greiningar- eða viðvörunarbúnaði, sem skal skynja myndun sprengifims andrúmslofts, skulu nauðsynlegar leiðbeiningar fylgja með svo hann sé rétt staðsettur.

2. VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA BÚNAÐAR

2.0. Kröfur sem gilda um búnað í flokki I

2.0.1. Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki M 1 í flokki I

2.0.1.1. Þessi búnaður verður að vera þannig hannaður og smíðaður að kveikjugjafar hans verði ekki virkir. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaði í undantekningartilvikum.

Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

Ef með þarf verður þessi búnaður að vera útbúinn með sérstakri viðbótaröryggisvörn.

Hann verður að geta gegnt hlutverki sínu í sprengifimu andrúmslofti.

2.0.1.2. Ef með þarf verður þessi búnaður að vera þannig smíðaður að ryk geti ekki komist að honum.

2.0.1.3. Yfirborðshiti mismunandi hluta búnaðarinnar skal, til að ekki sé hætt á að kvikni í ryki sem þyrlast upp, vera vel undir kveikimörkum ryk/ loftblandna sem líklegt er að myndist.

2.0.1.4. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða búnaðurinn sem slíkur getur ekki skapað hættu. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarinnar sem eru opnanlegir.

Ef með þarf skal búnaðinum fylgja viðeigandi viðbótarlæsingar.

2.0.2. Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki M 2 í flokki I

2.0.2.1. Þessi búnaður skal vera útbúinn öryggisvörn sem tryggir að kveikjugjafar hans verði ekki virkir við venjulega starfrækslu og heldur ekki við erfið notkunarskilyrði, svo sem þegar álag á búnaðinn er mikið og umhverfisaðstæður breytilegar.

Hægt verður að vera að rjúfa aflgjöf til þessa búnaðar ef sprengihætta er á ferðum.

2.0.2.2. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða með viðeigandi aflæsingarkerfi. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

2.0.2.3. Uppfylla skal sömu kröfur varðandi sprengihættu sem stafar af ryki og gilda um undirflokk M 1.

2.1. Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki 1 í flokki II

2.1.1. Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku

2.1.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að kveikjugjafar hans verði ekki virkir. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaði í undantekningartilvikum.

Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

2.1.1.2. Gera þarf ráðstafanir vegna búnaðar með yfirborði sem getur hitnað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir uppgefið hámarkshitastig jafnvel við óhagstæðustu skilyrði.

Einnig skal tekið tillit til hitaaukningar sem stafar af hitasöfnun og kemískum viðbrögðum.

2.1.1.3. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða búnaðurinn sem slíkur getur ekki skapað hættu. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

Ef með þarf skal búnaðinum fylgja viðeigandi viðbótarlæsingar.

2.1.2. Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum

2.1.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki geti kviknað í ryk/loftblöndum. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaði í undantekningartilvikum.

Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

2.1.2.2. Ef með þarf verður þessi búnaður að vera þannig smíðaður að ryk geti aðeins komist að honum á sérhönnuðum stöðum.

Þessi krafa gildir einnig um kapaltengingar og tengihluta.

2.1.2.3. Yfirborðshiti mismunandi hluta búnaðarins skal, til að ekki sé hætta á að kvikni í ryki sem þýrlast upp, vera vel undir kveikimörkum ryk/loftblandna sem líklegt er að myndist.

2.1.2.4. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.1.3 gildir á sama hátt um opnun búnaðar.

2.2. Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki 2 í flokki II

2.2.1. Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku

2.2.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætta á að kveikjugjafar myndist, jafnvel við síendurtekna röskun á búnaði eða gangtruflanir í búnaðinum sem að jafnaði má gera ráð fyrir.

2.2.1.2. Hlutar búnaðarins skulu vera þannig hannaðir og smíðaðir að ekki sé farið yfir uppgefinn yfirborðshita jafnvel þegar um undantekningartilvik er að ræða sem framleiðandi hefur séð fyrir.

2.2.1.3. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða með viðeigandi aflæsingarkerfi. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörðunarkerfi á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

2.2.2. Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum

2.2.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætta á að loft/rykblöndur myndist, jafnvel við síendurtekna röskun á búnaði eða gangtruflanir í búnaðinum sem að jafnaði má gera ráð fyrir.

2.2.2.2. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.2.3 gildir á sama hátt um yfirborðshita.

2.2.2.3. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.2.2 gildir á sama hátt um rykvarnir.

2.2.2.4. Krafan sem er sett fram í lið 2.2.1.3 gildir á sama hátt um áhættulausa opnun á hlutum búnaðar.

2.3. Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki 3 í flokki II

2.3.1. Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku

2.3.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætta á að kveikjugjafar myndist við venjuleg notkunarskilyrði.

2.3.1.2. Yfirborðshiti má ekki fara yfir uppgefinn hámarksyfirborðshita við venjulegar notkunaraðstæður. Einungis er leyfilegt að hitinn verði hærri í undantekningartilvikum ef framleiðandi gerir sérstakar viðbótaröryggisráðstafanir.

2.3.2. Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum

2.3.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að kveikjugjafar, sem ætla má að geti myndast við venjuleg notkunarskilyrði, geti ekki kveikt í loft/rykblöndum.

2.3.2.2. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.2.3 gildir á sama hátt um yfirborðshita.

- 2.3.2.3. Búnaður, að meðtöldum kapallögnum og tilbúnum tengjum, verður að vera smíðaður með tilliti til stærðar rykagnanna þannig að ekki myndist sprengifimar ryk/loftblöndur og hættuleg ryklög.

3. VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA ÖRYGGISKERFA

3.0. Almennar kröfur

- 3.0.1. Mælivíddir öryggiskerfa skulu miðaðar við að dregið sé úr áhrifum sprengingar þannig að viðunandi sé frá öryggissjónarmiði.
- 3.0.2. Öryggiskerfi skulu hönnuð þannig og þau verður að vera hægt að staðsetja á þann hátt að ekki sé hætt á að sprenging breiðist út með hættulegri keðjuverkun eða eldtungum og að byrjunarsprenging verði ekki að sprengihvelli.
- 3.0.3. Verði aflskortur verða öryggiskerfi að geta verið áfram í gangi það lengi að ekki sé hætt á að hættuástand skapist.
- 3.0.4. Öryggiskerfi mega ekki bregðast vegna utanaðkomandi truflana.

3.1. Skipulagning og hönnun

3.1.1. Eiginleikar efna

Hámarksþrýstings- og hitamörk sem miða skal við á hönnunarstigi, hvað eiginleika efna varðar, eru áætlaðar þrýstingur sem myndast við sprengingu við afbrigðileg notkunarskilyrði og áætluð hitaáhrif logans.

3.1.2. Öryggiskerfi sem eru hönnuð til að standast eða draga úr sprengingu verða að geta staðist höggbylgjuna sem myndast við sprengingu án þess að það skaði kerfið.

3.1.3. Fylgihlutir öryggiskerfa verða að geta staðist hámarkssprengiþrýsting án þess að starfsemi þeirra raskist.

3.1.4. Við hönnun og skipulagningu öryggiskerfa skal tekið tillit til hugsanlegra viðbragða sem geta komið fram við þrýsting í tengdum búnaði og rötatengingum.

3.1.5. Þrýstingslosunarbúnaður

Ef líkur eru á að álag á öryggiskerfi verði meira en styrkleiki þeirra þolir skal við hönnun gera ráð fyrir viðeigandi þrýstingslosunarbúnaði sem stofnar ekki fólki í námunda við kerfið í hættu.

3.1.6. Kerfi til að draga úr sprengingum

Kerfi til að draga úr sprengingum verða að vera þannig skipulögð og hönnuð að þau bregðist við eins fljótt og nokkur kostur er eftir að sprenging hefur hafist og dragi úr henni eins og best verður á kosið með tilhlýðilegu tilliti til hámarksþrýstingsaukningar og hámarkssprengiþrýstings.

3.1.7. Sprengiaftengingarkerfi

Aftengingarkerfi sem er ætlað með viðeigandi tækjum að aftengja sérstakan búnað eins fyrirvaralítið og hægt er fari sprenging af stað verða að vera hönnuð og smíðuð þannig að eldur geti ekki breiðst út innan þeirra og að þau viðhaldi vélrænum styrk við venjuleg notkunarskilyrði.

- 3.1.8. Öryggiskerfi verða að vera þannig úr garði gerð að unnt sé að tengja þau við hringrás auk þess sem þau skulu hafa svo lágan viðvörðunarþröskuld að inntak eða úttak framleiðslunnar stöðvist ef með þarf og þeir hlutar búnaðarins sem starfa ekki lengur örugglega aftengist.

VIÐAUKI III

EINING: EB-GERÐARPRÓFUN

1. Í þessari einingu er lýst þeim hluta af aðferðinni sem tilkynntur aðili beitir til að ganga úr skugga um og votta að eintak sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu uppfylli viðkomandi ákvæði tilskipunarinnar.
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila eftir vali framleiðandans.

Umsóknin skal innihalda:

- nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,
- skriflega yfirlýsingu um að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl eins og lýst er í 3. lið.

Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir tilkynnta aðilann eintak sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér eftir nefnt „gerð“. Tilkynnti aðilinn getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi vöru við kröfur tilskipunarinnar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar og enn fremur sýna:
 - almenna lýsingu á gerðinni,
 - heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
 - lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn vinnur,
 - skrá yfir staðla sem um getur í 5. gr. og er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar með það í huga að fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
 - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
4. Tilkynnti aðilinn skal:
 - 4.1. rannsaka tækniskjölin, sannprófa að gerðin hafi verið framleitt í samræmi við þau og ganga úr skugga um hvaða hlutar hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 5. gr. svo og hvaða íhlutar hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla;
 - 4.2. þegar stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla grunnkröfur tilskipunarinnar;

4.3. þegar framleiðandinn hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þeim hefur í raun verið beitt;

4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.

5. Uppfylli gerðin viðkomandi ákvæði þessarar tilskipunar skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.

Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilkynnta aðilanum.

Ef framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu er synjað um gerðarvottorð skal tilkynnti aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir synjuninni.

Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á hinni samþykktu vöru sem þarfnast viðbótarsamþykkis þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um vegna viðkomandi vöru. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.
7. Sérhver tilkynntur aðili skal senda hinum tilkynntu aðilunum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð sem gefin hafa verið út eða afturkölluð og viðbætur við þau.
8. Hinir tilkynntu aðilarnir geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltæk hinum tilkynntu aðilunum.
9. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma, auk tækniskjala, afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðbótum við það í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn eða öryggiskerfið var síðast framleitt.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.

VIÐAUKI IV

EINING: GÆDATRYGGING FRAMLEIÐSLU

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi afurðir séu í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem gilda um þær. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á alla hluta búnaðarins og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu sem um getur í 4. lið.
2. Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokaeftirlit og prófun eins og tilgreint er í 3. lið og vera háður eftirliti eins og um getur í 4. lið.
3. Gæðakerfi
 - 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi búnaðar hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

- allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan undirflokk afurðarinnar,
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að búnaðurinn sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða búnaðarins,
- aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og að framleiðslu lokinni, og hversu oft þær verða gerðar,
- gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.,
- hvernig fylgst er með því að tilskilin vörugæði hafi verið uppfyllt og að gæðakerfið sé skilvirkt.

- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á. Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

- 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann sem hefur samþykkt gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem eru lagðar til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína.

Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans
 - 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykta gæðakerfi leggur honum á herðar.
 - 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit, prófun og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
 - gögn um gæðakerfið,
 - gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
 - 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum úttektarskýrslu.
 - 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt geyma tiltækt fyrir innlend yfirvöld:
 - skjölin sem um getur í öðrum undirlit liðar 3.1,
 - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
 - ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokamálsgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

VIÐAUKI V

EINING: SANNPRÓFUN VÖRU

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu prófar og vottar að búnaður sem fellur undir ákvæði 3. liðar sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggi að búnaðurinn sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við kröfur tilskipunarinnar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa samræmisfirlýsingu.
3. Tilkynnti aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að athuga samræmi búnaðarins, öryggiskerfisins eða tækisins sem um getur í 2. mgr. 1. gr. við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar með því að athuga og prófa allan búnað eins og tilgreint er í 4. lið.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.

4. Sannprófun með athugun og prófun á öllum búnaði
 - 4.1. Allur búnaður skal sérstaklega athugaður og gerðar skulu viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. eða jafngildar prófanir til að sannreyna samræmi hans við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.
 - 4.2. Tilkynnti aðilinn skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á allan samþykktan búnað og gefa skriflegt samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem hafa verið gerðar.
 - 4.3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal sjá til þess að hann geti útvegað samræmisvottorð tilkynnta aðilans ef óskað er eftir því.

VIÐAUKI VI

EINING: GERÐARSAMRÆMI

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi búnaður sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að framleiddur búnaður eða öryggiskerfi sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.
3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur. Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur búnaðinn eða öryggiskerfið á markað í bandalaginu.

Á öllum búnaði sem er framleiddur skulu fara fram á vegum framleiðanda prófanir á tæknilegum þáttum er varða sprengivarnir. Prófanirnar skulu fara fram á ábyrgð tilkynnts aðila sem framleiðandi velur.

Tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á því að framleiðandinn setji kenninúmer hans á búnaðinn á framleiðsluferlinu.

VIÐAUKI VII

EINING: GÆÐATRYGGING VÖRU

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem ber ábyrgð á eftirliti eins og um getur í 4. lið.
2. Framleiðandinn skal nota viðurkennt gæðakerfi við lokaeftirlit og prófun búnaðar eins og kveðið er á um í 3. lið hér á eftir og skal vera háður eftirlitinu sem um getur í 4. lið hér á eftir.
3. Gæðakerfi
 - 3.1 Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi búnaðar og öryggiskerfa hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

- allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan undirflokk búnaðar,
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu skal athuga allan búnað og gera prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. eða gera jafngildar prófanir til að tryggja að hann samrýmist viðeigandi kröfum tilskipunarinnar. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,
- þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,
- hvernig fylgst er með því að gæðakerfið sé skilvirkt,
- gæðaskrá, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðakerfinu.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann sem hefur samþykkt gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem eru lagðar til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína.

Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit, prófun og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum úttektarskýrslu.

4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur geyma tiltækt fyrir innlend yfirvöld:

- skjölin sem um getur í þriðja undirlið liðar 3.1,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynna aðilanum sem um getur í lokamálsgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

VIÐAUKI VIII

EINING: INNRA EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal útbúa tækniskjölín sem er lýst í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma þau tiltæk fyrir viðkomandi innlend yfirvöld í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur búnaðinn á markað í bandalaginu.
3. Markmið tækniskjalanna er að gera kleift að meta samræmi búnaðarins við viðkomandi kröfur tilskipunarinnar. Þau skulu taka til, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir matið, hönnunar, framleiðslu og vinnslu búnaðarins. Þau skulu innihalda:
 - almenna lýsingu á búnaðinum,
 - heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
 - lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn vinnur,
 - skrá yfir staðla sem er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar með það í huga að fullnægja öryggiskröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum hefur ekki verið beitt,
 - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.
5. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið tryggji að framleiddur búnaður sé í samræmi við tæknilegu skjölín sem um getur í 2. lið og við kröfur tilskipunarinnar sem gildir um slíkan búnað.

VIÐAUKI IX

EINING: SANNPRÓFUN EINTAKA

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn eða öryggiskerfið sem hefur fengið vottorð eins og um getur í 2. lið fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á búnaðinn eða öryggiskerfið og gefa samræmisýfirlýsingu.
2. Tilkynti aðilinn skal athuga búnaðinn eða öryggiskerfið og gera viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til að tryggja samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Tilkynti aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allan samþykktan búnað eða öryggiskerfi og gefa samræmisvottorð varðandi prófanir sem hafa verið gerðar.
3. Markmið tækniskjalanna er að gera kleift að meta samræmi við kröfur tilskipunarinnar og skilja hönnun, framleiðslu og notkun búnaðarins.


Skjölin skulu innihalda:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
- lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn eða öryggiskerfið vinnur,
- skrá yfir staðla sem um getur í 5. gr. og er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingu á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
- niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

VIÐAUKI X

A. CE-merking

CE-samræmismerkingin felur í sér bókstafina „CE” með eftirfarandi útliti:



Ef merkingin er minnkuð eða stækkuð skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkingarinnar skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

Falla má frá kröfu um lágmarksmál ef um minni háttar búnað, öryggiskerfi eða tæki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er að ræða.

B. EB-samræmisfirlýsing

Í EB-samræmisfirlýsingunni skal eftirfarandi koma fram:

- nafn eða auðkenni og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu,
- lýsing á búnaðinum, öryggiskerfinu eða tækinu sem um getur í 2. mgr. 1. gr.,
- öll viðeigandi ákvæði sem búnaðurinn, öryggiskerfið eða tækið sem um getur í 2. mgr. 1. gr. uppfyllir,
- eftir atvikum, nafn, kenninúmer og heimilisfang tilkynnta aðilans og númer EB-gerðarprófunarvottorðsins,
- eftir atvikum, tilvísun í samhæfðu staðlana,
- eftir atvikum, staðlar og tækniforskriftir sem hafa verið notaðar,
- eftir atvikum, tilvísun í þær tilskipanir bandalagsins sem hafa komið við sögu,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að gera skuldbindandi samkomulag fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

VIÐAUKI XI

LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKIN ÞURFA AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR AÐILAR ERU TILKYNNTIR

1. Aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn sem annast sannprófanir mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur eða birgjar og ekki vinna við uppsetningu búnaðar, öryggiskerfa eða tækja samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi búnaðarins, öryggiskerfanna eða tækjanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og aðilans.
2. Aðilinn og skoðunarmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.
3. Aðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem er nauðsynlegur til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
 - trausta tækni- og fagmenntun,
 - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
 - kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.
7. Starfsmenn aðilans skulu bundnir þagnarskyldu hvað varðar allar upplýsingar sem þeim hlotnast við störf sín (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa tilskipun eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum um framkvæmd hennar.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/50/03

nr. 15/94

frá 28. október 1994

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94 frá 11. janúar 1994 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við lið 12c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 R 0041:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94 frá 11. janúar 1994 (Stjtið. EB nr. L 8, 12. 1. 1994, bls. 1).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 8, 12. 1. 1994, bls. 1.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 41/94
frá 11. janúar 1994
um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning
tiltekinna hættulegra efna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 frá 23. júlí 1993 ⁽¹⁾ varðandi inn- og útflutning bandalagsins á tilteknum hættulegum efnum, einkum 11. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 2455/92 er kveðið á um sameiginlegt tilkynninga- og upplýsingakerfi fyrir inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna til og frá þriðju löndum. Nokkur þessara efna falla undir regluna um fyrirfram samþykkt leyfi (prior informed consent - PIC) sem Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og Matvæla- og landbúnaðarstofnunin (FAO) hafa komið á.

Í reglugerð (EBE) nr. 2455/92 er enn fremur kveðið á um aðild bandalagsins að alþjóðlega tilkynningakerfinu og PIC-reglunni.

Í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2455/92 er meðal annars kveðið á um að í II. viðauka nefndrar reglugerðar verði skrá yfir efni sem falla undir alþjóðlegu PIC-regluna, skrá yfir lönd sem eiga aðild að PIC-kerfinu og PIC-ákvörðanir innflutningslanda.

Í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2455/92 er kveðið á um að breyta skuli II. viðauka til samræmis við breytingar sem UNEP og FAO hafa látið gera á skránni yfir efni sem falla undir alþjóðlegu PIC-regluna og PIC-ákvörðunum innflutningslanda.

Þar eð nokkrar slíkar breytingar hafa þegar verið gerðar skal II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92 breytt til samræmis við 11. gr.

Reglugerð þessi er í samræmi við álit nefndar sem komið er á fót samkvæmt 28. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ⁽²⁾, eins og henni hefur verið breytt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Færslurnar í viðaukanum við þessa reglugerð eru í fyrsta sinn felldar inn í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi einum mánuði eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins

Reglugerð þess er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 8, 12. 1. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttíð. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 13.

(2) Stjttíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

VIÐAUKI

Efni sem falla undir PIC-regluna og PIC-ákvæðanir þriðju landa

„Efni	Land	Lokainnflutningsákvæði
Aldrín (EINECS-nr.: 206-215-8) (CAS-nr.: 309-00-2)	Angóla Bútan Grænhöfðaeyjar Kína Kýpur Ekvador Hondúras Kenýa Mexíkó Marokkó Nikaragva Níger Noregur Rúanda Sri Lanka Tæland Tógó	Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Skrifl. samþykkis frá skráningaryfirv.(¹) krafist Heimilað Bannað
Díeldrín (EINECS-nr.: 200-484-5) (CAS-nr.: 60-57-1)	Angóla Bútan Grænhöfðaeyjar Mið-Afríkulyðveldið Kína Kýpur Ekvador Hondúras Marokkó Nikaragva Noregur Rúanda St. Lúsía Tæland Tógó	Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað
DDT (EINECS-nr.: 200-24-3) (CAS-nr.: 50-29-3)	Angóla Grænhöfðaeyjar Mið-Afríkulyðveldið Kóngó Kýpur Ekvador Nikaragva Noregur Sri Lanka St. Lúsía	Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað

„Efni	Land	Lokainnflutningsákvæði
Dínóseb og sölt þess (EINECS-nr.: 201-861-7) (CAS-nr.: dínóseb: 88-85-7)	Bútan Grænhöfðaeyjar Kína Kýpur Ekvador Hondúras Mexíkó Noregur Sri Lanka St. Lúsía Tæland	Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað
Flúorasetamíð (EINECS-nr.: 211-363-1) (CAS-nr.: 640-19-7)	Angóla Bútan Grænhöfðaeyjar Kína Kýpur Ekvador Marokkó Nikaragva Sri Lanka St. Lúsía Tæland	Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað
HCH (blönduð myndbrigði) (EINECS-nr.: 210-168-9) (CAS-nr.: 608-73-1)	Angóla Grænhöfðaeyjar Kýpur Ekvador Hondúras Nikaragva Noregur Rúanda Sri Lanka St. Lúsía Tansanía Tæland Tógó	Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað Bannað
<p>(¹) Registrar of Pesticides, Department of Agriculture, PO Box 49 Getambe Peradeniya Sri Lanka”</p>		

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/50/04

nr. 16/94

frá 28. október 1994

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásölu dreifingu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3d (ákvörðun ráðsins 93/465/EBE) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3e. **394 L 0011:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásölu dreifingu (Stjttöð. EB L nr. 100, 19. 4. 1994, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í a-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „efri hluta“:

FI Päällinen
IS Efri hluti
N Overdel
S Ovandel

b) Í b-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „fóður og bindsóla“:

FI Vuori ja sisäpohja
IS Fóður og bindsóli
N Fôr og bindsåle
S Foder och bindsula

c) Í c-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „slitsóla“:

FI Ulkopohja
IS Slitsóli
N Yttersåle
S Slitsula

d) Í i-lið a-liðar í 2. lið I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „leður“:

FI Nahka
IS Leður
N Lær
S Läder

e) Í ii-lið a-liðar í 2. lið I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „húðað leður“:

FI Pinnoitettu nahka
IS Húðað leður
N Belagt lær
S Överdraget läder

f) Í b-lið 2. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „náttúruleg textílefni og gervitextílefni, ofin eða óofin“:

FI Tekstiilit
IS Textílefni
N Tekstilmaterialer
S Textilmaterial

g) Í c-lið 2. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „öll önnur efni“:

FI Muut materiaalit
IS Öll önnur efni

⁽¹⁾ Stjttöð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttöð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 37.

- N Andre materialer
S Övriga material“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

TILSKIPUN EVRÓPUNINGSINS OG RÁÐSINS 94/11/EB frá 23. mars 1994

um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilteknum aðildarríkjum gilda reglur um merkingar skófatnaðar til verndar og upplýsingar fyrir almenning og til að tryggja lögmæta hagsmuni iðnaðarins.

Hætta er á að misræmi milli ákvæða slíkra reglugerða skapi viðskiptahindranir innan bandalagsins og stofni starfsemi hins innri markaðar í hættu.

Til að forðast örðugleika sem skapast vegna þess að mismunandi kerfi eru við lýði ætti að skilgreina nákvæmlega hina ýmsu þætti sameiginlegs merkingarkerfis fyrir skófatnað.

Ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um seinni tíma forgangsroð til að endurvekja stefnu um neytendavernd ⁽³⁾ kallar á áttak til að auka upplýsingastreymi til neytenda um vörur.

Það er bæði í þágu neytenda og skóframleiðenda að koma á fót nýju kerfi til að draga úr hættu á svikum með því að tilgreina nákvæmlega eðli efnisins í aðalhlutum skófatnaðar.

Í ályktun ráðsins frá 5. apríl 1993 um framtíðaraðgerðir vegna vörumerkinga í þágu neytenda ⁽⁴⁾ teljast merkingar vera mikilvæg aðferð til að tryggja gagnsæi og betri upplýsingar fyrir neytendur og til að tryggja að innri markaðurinn starfi snurðulaust.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 74, 25. 3. 1992, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 287, 4. 11. 1992, bls. 36.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 294, 22. 11. 1989, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 110, 20. 4. 1993, bls. 3.

Með því að samræma innlenda löggjöf má fjarlægja áðurnefndar hindranir í frjálsum viðskiptum. Hvert aðildarríki fyrir sig á óhægt um vik að ná því takmarki. Í þessari tilskipun er aðeins kveðið á um þær kröfur sem eru óhjákvæmilegar vegna frjáls flutnings á þeim vörum sem hún gildir um.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu.

Í þessari tilskipun merkir „skófatnaður“ allar vörur með solum sem ætlað er að verja eða þekja fætur, þar með taldir þeir hlutar sem eru markaðssettir sér eins og um getur í I. viðauka.

Skrá, sem ekki er tæmandi, yfir vörurnar sem tilskipunin gildir um er að finna í II. viðauka.

Tilskipunin tekur ekki til eftirfarandi:

- notaðs skófatnaðar,
- hlífðarskófatnaðar sem tilskipun 89/686/EBE ⁽⁵⁾ tekur til,
- skófatnaðar sem tilskipun 76/769/EBE ⁽⁶⁾ tekur til,
- leikfangaskófatnaðar.

2. Upplýsingum um samsetningu skófatnaðar skal komið á framfæri með merkingum á þann hátt sem tilgreint er í 4. gr.

i) Merkingarnar skulu veita upplýsingar um hina þrjá hluta skófatnaðar samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka, það er að segja:

- a) efri hluti;
- b) fótur og bindsóli; og
- c) slitsóli.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201.

- ii) Samsetning skófatnaðarins skal tilgreind eins og um getur í 4. gr. annað hvort með hjálp skýringarmynda eða -texta um tiltekin efni eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.
- iii) Ef um er að ræða efri hluta skal flokkun efnisins ákvörðuð með hliðsjón af ákvæðum í 1. mgr. 4. gr. og í I. viðauka án þess að tekið sé tillit til aukahluta eða styrkinga svo sem öklavarna, bryddinga, skreytinga, sylgja, leppa, lykkja fyrir bönd og snúrur og þess háttar.
- iv) Ef um er að ræða slitsóla skal flokkunin ákvörðuð með hliðsjón af magni efnisins sem í honum er, í samræmi við 4. gr.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skófatnaður sem settur er á markað uppfylli kröfur þessarar tilskipunar um merkingar, samanber þó önnur viðeigandi ákvæði bandalagsins.
2. Ef skófatnaður sem samræmist ekki kröfum um merkingar er settur á markað skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt innlendri löggjöf.

3. gr.

Með fyrirvara um önnur viðeigandi ákvæði bandalagsins, mega aðildarríkin ekki banna eða hindra markaðssetningu skófatnaðar sem uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um merkingar með því að beita ósamhæfðum innlendum ákvæðum um merkingar tiltekinna tegunda skófatnaðar eða skófatnaðar almennt.

4. gr.

1. Merkingar skulu veita upplýsingar um efnið sem er, í samræmi við I. viðauka, minnst 80% af yfirborði efri hluta og fódurs og bindsóla skófatnaðarins og að minnsta kosti 80% af efnismagni slitsóla. Ef ekkert eitt efni er að minnsta kosti 80% ætti að veita upplýsingar um að minnsta kosti tvö af aðalefnunum sem skófatnaðurinn er samsettur úr.
2. Upplýsingarnar skulu tilgreindar á skófatnaðinum. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans sem hefur staðfestu í bandalaginu getur valið á milli skýringarmynda eða skýringartexta á einu eða fleiri tungumálum sem neysluaðildarríkið ákveður í samræmi við sáttmálann, eins og skilgreint er og útskýrt í I. viðauka. Aðildarríkin skulu sjá til þess að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar í innanlandsákvæðum um þessar skýringarmyndir og að þessi ákvæði hafi ekki í för með sér viðskiptahindranir.
3. Merking, í skilningi þessarar tilskipunar, felur í sér að upplýsingar sem krafist er séu að minnsta kosti tilgreindar

á einum skó hvers pars. Þetta er hægt að gera með því að prenta upplýsingarnar, líma þær, greypa eða nota áfastan merkimiða.

4. Merkingin skal vera læsileg, tryggilega fest og aðgengileg og skýringarmyndirnar skulu vera nógu stórar til að auðvelt sé að skilja upplýsingarnar sem þær hafa að geyma. Merkingar mega ekki vera villandi fyrir neytendur.
5. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans sem hefur staðfestu í bandalaginu er ábyrgur fyrir afhendingu merkimiðans og nákvæmni upplýsinganna á honum. Ef hvorki framleiðandinn né umboðsmaður hans hefur staðfestu í bandalaginu hvílir þessi skylda á þeim sem er ábyrgur fyrir fyrstu markaðssetningu skófatnaðarins í bandalaginu. Smásölukaupmaðurinn skal sjá til þess að skófatnaður sem hann selur sé merkur á viðeigandi hátt í samræmi við þessa tilskipun.

5. gr.

Ef þörf krefur er heimilt að bæta við áföstum upplýsingum í textaformi til viðbótar upplýsingunum sem er krafist samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríkjunum er þó ekki heimilt að banna eða hindra markaðssetningu skófatnaðar sem samrýmist kröfum þessarar tilskipunar, samanber 3. gr.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög þau og stjórnáskilgæfingarmáli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 23. september 1995. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.
2. Aðildarríkin skulu beita ákvæðunum sem um getur í 1. mgr. frá og með 23. september 1996 að telja. Vörubirgðir sem eru afhentar smásölukaupmanni ásamt reikningi fyrir þann dag falla í fyrsta lagi undir áður nefnd ákvæði frá og með 23. september 1997 að telja.
3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
4. Þremur árum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmdar skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið matsskýrslu þar sem tekið er tillit til allra erfiðleika sem stjórnendur kunna að standa andspænis við framkvæmd ákvæðanna í þessari tilskipun og, ef þörf krefur, leggja fram viðeigandi tillögur um breytingar.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fyrir hönd, Evrópuþingsins,

E. KLEPISCH

forseti

Gjört í Brussel 23. mars 1994.




Fyrir hönd ráðsins,

TH. PANGALOS

forseti



I. VIÐAUKI



1. Skilgreining á einstökum hlutum skófatnaðar ásamt samsvarandi skýringarmyndum eða -texta

	<i>Skýringarmynd</i>	<i>Skýringartexti</i>
<p>a) Efri hluti</p> <p>Þetta er ytra byrði þess hluta sem er festur við slitsólann.</p>		<p>F Tige D Obermaterial IT Tomaia NL Bovendeel EN Upper DK Overdel GR EPANW MEROS ES Empeine P Parte superior</p>
<p>b) Fóður og bindsóli</p> <p>Þetta er fóður efri hlutans og innsólans sem myndar innra byrði skófatnaðarins.</p>		<p>F Doublure et semelle de propreté D Futter und Decksohle IT Fodera e Sottopiede NL Voering en inlegzool EN Lining and sock DK Foring og bindsål GR FODRES ES Forro y plantilla P Forro e Palmilha</p>
<p>c) Slitsóli</p> <p>Þetta er neðsti hluti skófatnaðarins sem er festur við efri hlutann og er slitið.</p>		<p>F Semelle extérieure D Laufsohle IT Suola esterna NL Buitenzool EN Outer sole DK Ydersål GR SOLA ES Suela P Sola</p>

2. Skilgreining á efnum ásamt samsvarandi skýringarmyndum

Skýringarmyndir vegna efna ættu að vera á merkimiða nálægt skýringarmyndum vegna þeirra þriggja hluta skófatnaðarins sem eru tilgreindir í 4. gr. og í 1. lið þessa viðauka.

	<i>Skýringarmynd</i>	<i>Skýringartexti</i>
a) i) Leður		
<p>Almennt heiti fyrir húð eða skinn af dýrum þar sem upprunalegar trefjar hafa varðveist að mestu ósnertar og sem hefur verið sútað til að verja það rotun. Í sumum tilvikum er hár og ull fjarlægð en í öðrum ekki. Leður er einnig unnið úr húð eða skinni sem er klofið í lög eða hlutað niður annaðhvort fyrir eða eftir sítun. Ef sútaðri húð eða sítuðu skinni er sundrað á vélrænan og/eða efnafræðilegan hátt í trefjaeiningar, litla hluta eða duft sem síðan er mótað, með eða án bindiefna, í húðir eða annað form telst það ekki vera leður. Ef yfirborð leðurs er húðað, hvernig sem það er gert, eða aukalag límt á yfirborð leðursins má slíkt yfirborðslag ekki vera þykkara en 0,15 mm. Þessi skilgreining á þannig við allt leður, með fyrirvara um aðrar lagalegar skuldbindingar, t.d. Washington-samþykktina.</p> <p>Ef notað er heitið „hárhamur“ í valfrjálsum viðbótarupplýsingum sem um getur í 5. gr. á það við um leður með upprunalegan hárham sem stendur eftir þegar húðþekjan hefur verið fjarlægð en án þess að einhver hluti yfirborðsins hafi verið fjarlægður með því að fægja það, slípa eða kljúfa.</p>		<p>F Cuir D Leder IT Cuoio NL Leder EN Leather DK Læder GR DERMA ES Cuero P Couros e peles curtidas</p>
a) ii) Húðað leður		
<p>vara þar sem þykkt leðurhúðarinnar eða aukalagsins sem er límt á yfirborð leðursins er ekki meira en þriðjungur af samanlagðri þykkt vörunnar, en meira en 0,15 mm.</p>		<p>F Cuir enduit D Beschichtetes Leder IT Cuoio rivestito NL Gecoat leder EN Coated leather DK Overtrukket læder GR EPENDEDUMENO DERMA ES Cuero untado P Couro revestido</p>

	<i>Skýringarmynd</i>	<i>Skýringartexti</i>
b) Náttúruleg textílefni og gervitextílefni, ofin eða óofin		
með „textílum“ er átt við allar vörur sem fjallað er um í tilskipun 71/307/EBE og breytingum á henni.		F Textile D Textil IT Tessili NL Textiel EN Textile DK Tekstilmaterialer GR U F A S M A ES Textil P T é x t e i s
c) Öll önnur efni		
		F Autres matériaux D Sonstiges Material IT Altre materie NL Overige materialen EN Other materials DK Andre materialer GR ALLA ULIKA ES Otros materiales P Outros materiais

VIÐAUKI II

DÆMI UM SKÓFATNAÐ SEM FJALLAÐ ER UM Í ÞESSARI TILSKIPUN

„Skófatnaður“ getur verið allt frá sandölum með efri hluta sem einungis er lausar reimar eða bönd til kloffstígvéla þar sem efri hlutinn hylur fótlegg og læri. Til skófatnaðar telst því eftirfarandi:

- i) flatbotna eða hælahaír skór til nota utan- eða innandyra;
- ii) ökklastígvél, kálfstígvél, hnéstígvél og kloffstígvél;
- iii) ýmsar tegundir af sandölum, „espadrillur“ (skór með efri hluta úr lérefti og kaðalsóla), tennisskór, hlaupaskór og aðrir íþróttaskór, baðsandalar og aðrar tegundir af óformlegum skófatnaði;
- iv) sérstakur skófatnaður til íþróttaiðkana sem hefur eða hægt er að festa á brodda, gadda, hök, klemmur, þverbönd og þess háttar og skautaskór, skíðaskór og gönguskíðaskór, glímuskór, hnefaleikaskór og reiðhjólaskór. Einnig skófatnaður með áföstum skautum eða hjólaskautum;
- v) ballettskór;
- vi) skófatnaður sem er framleiddur úr einum hluta, t.d. með því að móta gúmmí eða plast, nema einnotaskór sem eru framleiddir úr léttum efnum (pappír, plastfilmu o.s.frv., án sóla);
- vii) skóhlífar sem eru notaðar utan yfir annan skófatnað sem í sumum tilvikum er án hæla;
- viii) einnotaskófatnaður með sóla, venjulega ætlaður til nota aðeins einu sinni;
- ix) sérsníðaður skófatnaður.

Til að stuðla að einsleitni og skýrleika, og með fyrirvara um ákvæðin sem um getur í lýsingu á vörunum sem fjallað er um í þessari tilskipun, skal almennt litið svo á að vörurnar sem fjallað er um í 64. kafla í sameinaða flokkunarkerfinu falli undir gildissvið þessarar tilskipunar.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 94/EES/50/05
nr. 17/94

frá 28. október 1994
um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölbjódlegum þróunarbönkum“⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við 18. lið (tilskipun ráðsins 89/647/EBE) í IX. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 L 0007:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölbjódlegum þróunarbönkum“ (Stjtíð. EB nr. L 89, 6. 4. 1994, bls. 17).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjtíð. EB nr. L 89, 6. 4. 1994, bls. 17.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/7/EB
frá 15. mars 1994
um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölpjódlegum þróunarbönkum“(*)
(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989

um eiginfjárhlutfall lánastofnana ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fyrir ráðið tillögu um breytingu á bókun á samþykkt um Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) sem veitir bankaráði EIB umboð til að stofna Fjárfestingarsjóð Evrópu (EIF).

Í sjöunda undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/647/EBE eru „fjölpjódlegir þróunarbankar“ skilgreindir með því að tilgreina heiti viðeigandi stofnana.

Uppbygging Fjárfestingarsjóðs Evrópu er í meginatriðum sú sama og hjá fjölpjódlegum þróunarbönkum. Þessi nýja fjölpjódlega fjármálastofnun byggir á evrópskum grunni og hefur breiðan hóp aðildarþjóða. Hún hefur í för með sér nýja og sérstæða tegund samvinnu í Evrópu og getur styrkt hinn innri markað, stuðlað að efnahagsbata í Evrópu og eflt efnahagsog félagslega sambændni. Af þessum ástæðum ber skilgreiningin á fjölpjódlegum þróunarbönkum í tilskipun 89/647/EBE að taka til Fjárfestingarsjóðs Evrópu.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndar um bankamál sem er sú nefnd sem á að aðstoða

framkvæmdastjórnina í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/647/EBE.

Þessi tilskipun varðar Evrópska efnahagssvæðið (EES) og málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 99. gr. samþykktarinnar um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið fylgt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining á „fjölpjódlegum þróunarbönkum“ í sjöunda undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/647/EBE skal taka til Fjárfestingarsjóðs Evrópu.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, í síðasta lagi sex mánuðum eftir að bankaráð Fjárfestingarbanka Evrópu hefur stofnað Fjárfestingarsjóð Evrópu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Raniero VANNI D'ARCHIRAFI

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 89, 6. 4. 1994, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 18/94**

94/EES/50/06

**frá 28. október 1994
um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður bætist við 19. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/31/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„19a. **394 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi (Stjttíð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/19/EB
frá 30. maí 1994
um innlánatryggingakerfi (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFI,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2), í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum (3), og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt markmiðum sáttmálans skal stefnt að samræmdri þróun lánastofnana í öllu bandalaginu með því að fjarlægja allar takmarkanir á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu og auka um leið festu í bankakerfinu og vernda hag sparenda.

Um leið og takmarkanir á starfsemi lánastofnana eru fjarlægðar verður að huga að þeirri stöðu sem getur komið upp ef innlán í lánastofnun, sem hefur útibú í öðrum aðildarríkjum, verður ótíltækt. Nauðsynlegt er að tryggja samræmda lágmarksinnlánstryggingu, óháð því hvar innlánið er í bandalaginu. Slík innlánstrygging er jafnmikilvæg fyrir framgang sameiginlegs bankamarkaðar og varfærnisreglurnar.

Þegar gjaldþrota lánastofnun er lokað verða innstæðueigendur í útibúum í öðrum aðildarríkjum en þar sem lánastofnunin hefur höfuðstöðvar að njóta verndar sama tryggingakerfis og aðrir innstæðueigendur í stofnuninni.

Kostnaður lánastofnana við þátttöku í tryggingakerfi er í engu hlutfalli við kostnaðinn sem hlytist af stóruttektum bankainnstæðna, ekki aðeins frá lánastofnun sem á í erfiðleikum heldur einnig frá velstæðum stofnunum, vegna þess að innstæðueigendur myndu missa trúna á stöðugleika bankakerfisins.

Aðgerðir aðildarríkjanna í framhaldi af tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 87/63/EBE frá 22. desember 1986 um að komið verði á innlánatryggingakerfi innan bandalagsins (4) hafa ekki enn skilað tilætluðum árangri. Þetta gæti hindrað góðan framgang innri markaðarins.

Í annarri tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnáslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (5) eru settar reglur um allsherjarleyfi fyrir lánastofnanir og eftirlit með þeim af hálfu yfirvalda í heimaríki þeirra; þessar reglur öðluðust gildi 1. janúar 1993.

Útibú þarf ekki lengur að fá leyfi í gistiríki, því allsherjarleyfið gildir alls staðar í bandalaginu, og lögbær yfirvöld í heimaríkinu fylgjast með gjaldhæfi þess. Þetta skipulag leyfir að eitt tryggingakerfi nái yfir öll útibú lánastofnunar innan bandalagsins. Þetta kerfi verður að vera það kerfi sem gildir fyrir hlutaðeigandi flokk lánastofnana í heimaríki viðkomandi lánastofnunar, ekki síst vegna þeirra tengsla sem eru á milli eftirlits með gjaldhæfi útibús og aðildar þess að innlánatryggingakerfi.

Samræmingin ætti að einskorðast við höfuðatriði innlánatryggingakerfanna og í henni þarf að felast að unnt verði að inna tryggingagreiðslu af hendi með örskömmum fyrirvara, útreiknaða eftir samræmdri lágmarksviðmiðun.

Innlánatryggingakerfin verða að koma til skjalanna um leið og innlán verða ótíltæk.

Rétt er að þau innlán sem lánastofnanir stofna til í eigin þágu og fyrir eigin reikning séu undanskilin tryggingu. Þetta ætti ekki að hafa nein áhrif á þann rétt sem tryggingakerfið hefur til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bjarga lánastofnun er á í erfiðleikum.

Samræming innlánakerfa innan bandalagsins dregur í sjálfu sér ekki úr gildi núverandi kerfa sem eiga að verja lánastofnanir, einkum gjaldhæfi þeirra og lausafjárstöðu, til að koma í veg fyrir að innlán í hlutaðeigandi stofnunum, meðal annars útibúum sem þær hafa sett á stofn í öðru aðildarríki, verði ótíltæk. Þessi kerfi, sem miðast við vernd af öðru tagi, gætu með vissum skilyrðum talist að mati lögbærra yfirvalda uppfylla markmið þessarar tilskipunar. Lögbær yfirvöld munu þá gæta þess að skilyrðunum verði fullnægt.

(4) Stjttíð. EB nr. L 33, 4. 2. 1987, bls. 16.

(5) Stjttíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE (OJ nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52).

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) OJ nr. C 163, 30. 6. 1992, bls. 6. og Stjttíð. EB nr. C 178, 30. 6. 1993, bls. 14.

(2) Stjttíð. EB nr. C 332, 16. 12. 1992, bls. 13.

(3) Stjttíð. EB nr. C 115, 26. 4. 1993, bls. 96 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (OJ nr. C 91, 28. 3. 1994).

Sum aðildarríki hafa innlánatryggingakerfi sem eru á ábyrgð fagsamtaka, í öðrum aðildarríkjum eru kerfi stofnsett og starfrækt samkvæmt lögum, og loks eru til kerfi sem eru að hluta til bundin af lögum - enda þótt þau hafa verið innleidd með samningi. Þessi ólíka staða kerfanna veldur aðeins vandræðum varðandi skylduáðild eða útilokun frá kerfum. Það þarf því að setja reglur sem takmarka vald kerfanna á þessu sviði.

Ef í bandalaginu verða kerfi sem bjóða innlánatryggingu umfram hið samræmda lágmark getur það leitt til þess að innan sama svæðis verði tryggingar mismunandi og samkeppnisskilyrði ólík hjá innlendum lánastofnunum annars vegar og útibúum stofnana með höfuðstöðvar í öðrum aðildarríkjum hins vegar. Til að vega upp þessa ókosti þurfa útibú að hafa heimild til að tengjast tryggingakerfum gistiríkisins svo að þau geti boðið innstæðueigendum sömu tryggingu og tryggingakerfi í löndunum þar sem útibúin eru. Framkvæmdastjórnin ætti innan fárra ára að leggja fram skýrslu um það hversu mörg útibú hafa nýtt sér þennan möguleika og um þá erfiðleika sem þau eða tryggingakerfin kunna að hafa lent í við framkvæmd þessara ákvæða. Þá er ekki loku fyrir það skotið að kerfi í heimaríkinu geti sjálf veitt þessa viðbótartryggingu í samræmi við setta skilmála.

Það getur leitt til markaðsröskunar ef útibú lánastofnana bjóða hærri tryggingu en lánastofnanir sem hafa fengið leyfi í gistiríkinu. Það er ekki heppilegt að umfang tryggingar af hálfu tryggingakerfa sé notað sem samkeppnismeðal. Því er nauðsynlegt, að minnsta kosti í fyrstu, að ákveða að trygging sem kerfi í heimaríkinu veitir innstæðueigendum í útibúum í öðru aðildarríki verði ekki meiri en tryggingin sem samsvarandi kerfi í gistiríkinu býður. Eftir fáein ár verður að meta hugsanleg raskandi áhrif á markaðinn með hliðsjón af fenginni reynslu og þróun í bankakerfinu.

Samkvæmt tilskipuninni er það regla að allar lánastofnanir skuli tengjast innlánatryggingakerfi. Tilskipunin um rekstrarleyfi lánastofnana með höfuðstöðvar utan bandalagsins, einkum fyrsta tilskipun ráðsins (77/780/EBE) frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana (¹), gefa aðildarríkjum kost á að ákveða hvort og með hvaða skilmálum útibú slíkra lánastofnana fái leyfi til reksturs á yfirráðasvæði þeirra. Þessi útibú njóta ekki annarrar málsgreinar 59. gr. sáttmálans um frjálst þjónustuviðskipti og ekki heldur ákvæða um athafnafrelsi í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu. Aðildarríki sem veitir slíkum útibúum rekstrarleyfi á því að geta ákveðið með hvaða hætti ákvæði þessarar tilskipunar taka til hlutaðeigandi útibúa í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 77/780/EBE, með vernd innstæðueigenda og heilbrigði fjármálakerfisins í huga. Það er mjög mikilvægt að innstæðueigendur í slíkum útibúum hafi fulla vitneskju um gildandi tryggingakerfi.

Lágmarkstryggingin samkvæmt þessari tilskipun má ekki leiða til þess að of stór hluti innlána verði óvarinn, sem snertir bæði neytendavernd og stöðugleika fjármálakerfisins. Þó er ekki viturlagt að festa ákveðið tryggingarstig í öllu bandalaginu, því

það gæti í vissum tilvikum hvatt til óábyrgrar stjórnunar lánastofnana. Taka verður tillit til kostnaðar við að fjármagna kerfin. Það virðist hæfilegt að samræmda lágmarkstryggingin sé 20 000 ECU. Það kann að vera þörf fyrir afmarkað fyrirkomulag til bráðabirgða svo að kerfin fái tækifæri til að fullnægja þessum kröfum.

Sum aðildarríki veita innstæðueigendum meiri tryggingu fyrir innlán þeirra en gert er ráð fyrir með samræmda lágmarkinu í þessari tilskipun. Ekki væri rétt að fara fram á að þessum kerfum, sem sum hver voru nýlega tekin upp í samræmi við tilmæli 87/63/EBE, verði breytt að þessu leyti.

Telji aðildarríki að vissir flokka innlána eða innstæðueigenda, sem eru skilmerkilega tilgreindir í skrá, hafi ekki þörf fyrir sérstaka tryggingu, á það að geta undanskilið þá flokka frá innlánatryggingakerfunum.

Í því skyni að hvetja innstæðueigendur til að huga vel að traustleika lánastofnana eru ótiltæk innlán ekki greidd að fullu út í sumum aðildarríkjunum. Þetta ber að takmarka að því er innlán neðan samræmdrar lágmarkstryggingar varðar.

Meginreglan um samræmda lágmarkstryggingu fyrir innstæðueiganda en ekki fyrir innlán er lögð til grundvallar. Hér verður að huga að innlánum innstæðueigenda sem eru annaðhvort ekki tilgreindir sem reikningseigendur eða eiga reikning ekki einir. Lágmarkstryggingin verður að koma hverjum einstökum þekktanlegum innstæðueiganda til góða. Þetta á þó ekki við um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu er lúta og eru varin með sérstökum reglum sem gilda ekki um ofangreind innlán.

Upplýsingaskylda er hagsmunum innstæðueigenda mjög mikilvæg og því verður einnig að setja lágmarksreglur um hana. Þó kann óheft tilvísun til tryggingar innlánatryggingakerfis í auglýsingaskyni að hafa áhrif á stöðugleika bankakerfisins og traust innstæðueigenda. Aðildarríkin þurfa því að setja reglur sem takmarka slíkar tilvísanir.

Í einstökum tilvikum þar sem ekki finnast nein innlánatryggingakerfi fyrir vissa flokka lánastofnana, er taka aðeins við innlánunum í óverulegum mæli, getur stundum tekið lengri tíma að koma slíku kerfi á en fresturinn til að taka tilskipunina upp í landslög leyfir. Í slíkum tilvikum getur bráðabirgðaundanþága frá áðild að innlánatryggingakerfi verið réttlætunleg. Ef hlutaðeigandi lánastofnanir stunda rekstur erlendis geta aðildarríkin þó krafist þess að þær gerist aðilar að einhverju innlánatryggingakerfi sem þau hafa sett upp.

Það er ekki bráðnauðsynlegt í þessari tilskipun að samræma leiðirnar við fjármögnun kerfa sem tryggja innlánin eða lánastofnanirnar sjálfar, meðal annars vegna þess að lánastofnanirnar skulu sjálfar almennt bera kostnaðinn við fjármögnun slíkra kerfa og einnig vegna þess að fjárhagsleg geta kerfanna skal vera í samræmi við tryggingaskuldbindingarnar. Þetta má samt ekki stefna stöðugleika bankakerfis aðildarríkisins í hættu.

(¹) Stjótið. EB nr. L 332, 17. 12. 1977, bls. 30. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/646/EBE (OJ nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.

Innlánatrygging er mikilvæg fyrir framgang innri markaðarins og nauðsynleg viðbót við eftirlitskerfi lánastofnana vegna þess að hún veitir öryggi meðal stofnana á tilteknum fjármagnsmarkaði ef einhver þeirra reynist ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „innlán“: innstæða sem er tilkomin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og lánastofnun ber að endurgreiða með skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum, svo og kröfur útgefnar af lánastofnun í formi verðbréfa.

Hlutir í byggingarfélögum í Breska konungsríkinu og á Írlandi, að undanskildum hlutum með eðli eigin fjár samkvæmt 2. gr., teljast innlán.

Skuldabréf, er uppfylla skilmálana í 4. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ⁽¹⁾, teljast ekki innlán.

Aðildarríkin skulu við útreikning á innstæðu styðjast við þær reglur og forskriftir fyrir skuldajöfnuð og gagnkröfur er felast í skilmálum um innlán samkvæmt lögum eða samningum.

2. „samreikningur“: reikningur sem er opnaður í nafni tveggja eða fleiri persóna eða tvær eða fleiri persónur hafa aðgang að, þannig að ein eða fleiri hlutaðeigandi persóna geta ráðstafað honum með undirskrift sinni.
3. „ótiltækt innlán“: innlán sem er gjaldfallið til útborgunar en ógreitt af lánastofnun samkvæmt settum skilmálum í samræmi við lög eða samninga, og ef:

- i) lögbær yfirvöld hafa metið það svo að viðkomandi lánastofnun sé að þeirra dómi að sinni ekki fær um að endurgreiða innlánið af ástæðum er tengjast beint fjárhagslegri stöðu hennar og verði það ekki í náinni framtíð.

Lögbær yfirvöld skulu láta þetta mat fara fram svo skjótt sem unnt er og eigi síðar en 21 degi frá því að þau fá fyrst staðfestingu á því að lánastofnunin hafi

ekki endurgreitt innlán sem er gjaldfallið til útborgunar; eða

- ii) dómstóll hefur af ástæðum er tengjast beint fjárhagslegri stöðu lánastofnunarinnar kveðið upp úrskurð sem skerðir möguleika innstæðueiganda til að leggja fram kröfu á hendur henni, ef úrskurðurinn er kveðinn upp áður en ofangreint mat fer fram.

4. „lánastofnun“: fyrirtæki með starfsemi er felst í því að taka á móti innlánum frá almenningi eða öðru fé, er skal endurgreiða, og veita lán fyrir eigin reikning.

5. „útibú“: deild sem að lögum er hluti af lánastofnun og annast beint að nokkru eða öllu leyti þá starfsemi sem fram fer hjá lánastofnunum; allar þær deildir sem er komið á fóti í einu og sama aðildarríki á vegum lánastofnunar með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki ber að telja sem eitt útibú.

2. gr.

Eftirfarandi telst ekki til innlána sem má endurgreiða í gegnum tryggingakerfi:

- innlán af hálfu annarra lánastofnana í eigin þágu og fyrir eigin reikning, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.,
- allir pappírar sem falla undir skilgreininguna á „eigin fé“ í 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/299/EBE frá 17. apríl 1989 um eigið fé lánastofnana ⁽²⁾,
- innlán sem má rekja til viðskipta er tengjast refsíðum fyrir peningaþvott samkvæmt 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar ⁽³⁾.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að á yfirráðasvæði þess sé komið á einu eða fleiri innlánatryggingakerfum sem eru viðurkennd af stjórnvöldum. Að undanskildum þeim tilvikum sem segir í annari undirgrein og í 4. mgr. má engin lánastofnun með leyfi í viðkomandi aðildarríki samkvæmt 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE taka við innlánum nema hún sé aðili að slíku kerfi.

Aðildarríki má þó veita lánastofnun undanþágu frá þeirri skyldu að tengjast innlánatryggingakerfi ef stofnunin tengist kerfi sem ver hana sjálfa og tryggir gjaldhæfi hennar og lausafjárstöðu, þannig að innstæðueigendur eigi vísa tryggingu sem er ekki síðri en sú trygging sem innlánatryggingakerfið veitir, og fullnægir að dómi lögbærra yfirvalda eftirfarandi skilyrðum:

- kerfið er til og viðurkennt af stjórnvöldum á þeim tíma sem tilskipun þessi er samþykkt,
- kerfið er rekið með það að markmiði að koma í veg

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 3. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/220/EBE (OJ nr. L 100, 19. 4. 1988, bls. 31).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 124, 5. 5. 1989, bls. 16. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/16/EBE (OJ nr. L 75, 21. 3. 1992, bls. 48).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77.

fyrir að innlán í lánastofnunum innan kerfisins verði ótíltæk, og það er nægilega öflugt til að hindra það,

- kerfið má ekki felast í tryggingu sem aðildarríkin sjálf eða héraðs- og sveitarstjórnir veita lánastofnun,
- samkvæmt kerfinu fá innstæðueigendur upplýsingar eins og segir í 9. gr.

Aðildarríki sem nýta sér þennan kost skulu greina framkvæmdastjórninni frá því; þau skulu skýra frá því í hverju tryggingakerfin felist, hvaða lánastofnanir séu innan þeirra og frá öllum breytingum sem verða á innsendum upplýsingum. Framkvæmdastjórnin sendir ráðgjafarnefndinni um bankamál greinargerð um þessi efni.

2. Ef lánastofnun uppfyllir ekki skyldur sínar sem aðili að innlánatryggingakerfi skal lögbærum yfirvöldum er veittu leyfið skýrt frá því og skulu þau ásamt tryggingakerfinu gera allar viðeigandi ráðstafanir, refsiaðgerðir hér með taldar, til að tryggja að lánastofnunin uppfylli skyldur sínar.
3. Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að lánastofnunin uppfylli skyldur sínar getur innlánatryggingakerfið, svo fremi útilokun sé leyfileg samkvæmt landslögum, með skýru samþykki lögbærra yfirvalda og minnst tólf mánaða fyrirvara, tilkynnt að það hafi í hyggju að útiloka lánastofnunina frá aðild að kerfinu. Innlán sem stofnað er til áður en fresturinn rennur út verða áfram tryggð að fullu af kerfinu. Ef lánastofnunin hefur ekki uppfyllt skyldur sínar þegar fresturinn rennur út getur tryggingakerfið, aftur með skýru samþykki lögbærra yfirvalda, látið útilokunina koma til framkvæmda.
4. Ef landslög heimila það, og ef lögbær yfirvöld sem gáfu leyfið út hafa veitt skýrt samþykki sitt, getur lánastofnun sem er útilokuð frá aðild að innlánatryggingakerfi haldið áfram að taka á móti innlánum, svo fremi hún hafi fyrir útilokunina gert aðrar ráðstafanir til innlánatrygginga sem tryggja innstæðueigendum vernd sem er að minnsta kosti jafnmikil og trygging hins viðurkennda kerfis.
5. Ef lánastofnun sem lagt er til að verði útilokuð í samræmi við 3. mgr. getur ekki gert aðrar ráðstafanir til að uppfylla skilyrðin í 4. mgr. draga lögbær yfirvöld þegar í stað til baka leyfið sem þau veittu henni.

4. gr.

1. Innlánatryggingakerfi sem eru stofnsett og viðurkennd af stjórnvöldum í aðildarríki samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skulu ná til innstæðueigenda í útibúum er lánastofnanir hafa komið sér upp í öðrum aðildarríkjum.

Fram til 31. desember 1999 má veitt trygging hvorki vera hærri né víðtækari, meðal annars hvað prósentuhlutfall snertir, en sú hámarkstrygging sem er veitt af tilsvarendi tryggingakerfi á yfirráðasvæði gistiríkisins.

Fyrir þann dag skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu á grundvelli fenginnar reynslu af beitingu annarrar undirgreinar og meta hvort þörf sé á því að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu að tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið um lengri gildistíma þessa fyrirkomulags.

2. Ef tryggingin í tryggingakerfi gistiríkisins verður hærri og víðtækari, meðal annars hvað prósentuhlutfall varðar, en sú trygging sem er veitt í aðildarríkinu þar sem lánastofnunin hefur fengið leyfi skal gistiríkið sjá til þess að á yfirráðasvæði þess sé viðurkennt innlánatryggingakerfi sem útibú getur tengst að eigin vild til uppbótar þeirri tryggingu sem innstæðueigendur hennar njóta þegar vegna aðildar útibúsins að kerfi heimaríkisins.
- Kerfið sem útibúið tengist skal tryggja þann flokk stofnana sem útibúið tilheyrir eða stendur honum næst í gistiríkinu.
3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að settir séu hlutlausir og almennir skilmálar um aðild útibúa að kerfi í gistiríkinu í samræmi við 2. mgr. Útibú getur aðeins gerst aðili ef það uppfyllir viðeigandi skyldur um aðild, þar á meðal varðandi allar greiðslur á framlögum og öðrum gjöldum. Aðildarríkin skulu við framkvæmd þessarar málsgreinar fylgja meginatriðunum í II. viðauka.
 4. Ef útibú, sem hefur að eigin vild tengst tryggingakerfi, sbr. 2. mgr., uppfyllir ekki þær skyldur er það hefur sem aðili að innlánatryggingakerfinu skal lögbærum yfirvöldum er gáfu út leyfið skýrt frá því og skulu þau í samvinnu við tryggingakerfið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ofangreindar skyldur séu uppfylltar.

Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að útibúið uppfylli ofanefndar skyldur getur innlánatryggingakerfið, að liðnum minnst tólf mánaða fyrirvara og með samþykki lögbærra yfirvalda er veittu leyfið, útilokað útibúið frá kerfinu. Innlán sem stofnað er til fyrir þann dag sem útilokunin kemur til framkvæmda eru tryggð áfram af hinu frívíljuga kerfi þar til þau gjaldfalla. Innstæðueigendum skal greint frá því að uppbótartryggingin sé fallin niður.

5. Framkvæmdastjórnin leggur eigi síðar en 31. desember 1999 fram skýrslu um reynsluna af 2., 3. og 4. mgr. og gerir breytingartillögur eftir því sem við á.

5. gr.

Innlán sem standa inni þegar leyfi til lánastofnunar, sem fékk leyfi samkvæmt 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE, er afturkallað eru tryggð áfram af tryggingakerfinu.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að útibú, sem eru stofnuð af lánastofnunum með höfuðstöðvar utan bandalagsins, séu tryggð á þann hátt sem segir í þessari tilskipun.

Ef svo er ekki geta aðildarríkin ákveðið að útibú, sem eru stofnuð af lánastofnunum með höfuðstöðvar utan bandalagsins, tengist starfandi innlánatryggingakerfi á yfirráðasvæði þeirra, sbr. þó 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 77/780/EBE.

- Núverandi og væntanlegir innstæðueigendur í útibúum, sem eru stofnuð af lánastofnunum með höfuðstöðvar utan bandalagsins, skulu fá frá lánastofnuninni allar viðeigandi upplýsingar um þau tryggingakerfi sem tryggja innlán þeirra.
- Upplýsingarnar í 2. mgr. skulu liggja fyrir á hinu opinbera eða opinberu tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er, á þann hátt sem landslög mæla fyrir um og á skýru og skiljanlegu máli.

7. gr.

- Innlánatryggingakerfin tryggja að samanlögð innlán hvers innstæðueiganda séu tryggð upp að 20 000 ECU ef innlánin verða ótiltæk.

Fram til 31. desember 1999 mega aðildarríki, þar sem innlán á þeim tíma sem tilskipunin er samþykkt eru ekki tryggð upp að 20 000 ECU, halda sig við þá hámarksfjárhæð sem er ákveðin í tryggingakerfum þeirra, enda sé sú fjárhæð minnst 15 000 ECU.

- Aðildarríkin geta ákveðið að vissir innstæðueigendur eða viss innlánsform séu undanskilin tryggingakerfinu eða hin tryggða fjárhæð lægri. Skrá yfir þessi frávik er í I. viðauka.
- Þessi grein kemur ekki í veg fyrir að gömul ákvæði séu látin standa eða ný samþykkt sem fela í sér hærrí eða víðtækari innlánatryggingu. Því innlánatryggingakerfi geta af félagslegum ástæðum tryggt viss innlánsform að fullu.
- Aðildarríkin geta takmarkað tryggingafjárhæðina í 1. mgr. eða þá sem um getur í 3. mgr. við ákveðið prósentuhlutfall af innlánnum. Tryggða prósentuhlutfallið skal þó vera minnst 90% af heildarinnlánunum þar til tryggingafjárhæðin sem greiða skal nær fjárhæðinni í 1. mgr.
- Framkvæmdastjórnin endurskoðar reglulega og minnst fimmta hvert ár fjárhæðina í 1. mgr. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu að tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta fjárhæðinni í 1. mgr. í samræmi við þróunina í bankakerfinu og efnahagslegt og peningalegt ástand í bandalaginu. Fyrsta endurskoðunin skal ekki fara fram fyrir en fimm árum frá lokum tímabilsins sem um getur í 1. mgr. 7. gr.
- Aðildarríkin skulu sjá til þess að réttur innstæðueiganda til bóta feli í sér að innstæðueigandi hafi möguleika á að kæra innlánatryggingakerfið.

8. gr.

- Mörkin sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr. gilda um samanlögð innlán í einu og sömu lánastofnun, óháð fjölda innlána, gjaldmiðli eða staðsetningu innan bandalagsins.
- Hlutur hvers innstæðueiganda á samreikningi gildir við útreikning á mörkunum sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr.

Ef ekki eru til sérstök ákvæði hér um skiptist innstæðan á reikningnum jafnt milli innstæðueigenda.

Aðildarríkin geta ákveðið að innlán á reikningi, sem tveir eða fleiri hafa aðgang að sem þátttakendur í sameignarfélagi, samtökum eða samfloti sem hefur ekki stöðu lögpersónu megi, með tilliti til útreiknings á mörkunum í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr., leggja saman og meðhöndla eins og einn innstæðueigandi hafi stofnað til þeirra.

- Ef innstæðueigandi hefur ekki ótvíræðan rétt til innstæðna á reikningi skal sá sem hefur ótvíræðan rétt til þeirra vera tryggður af innlánatryggingakerfinu, að því gefnu að hlutaðeigandi finnist eða unnt sé finna hann fyrir þann dag sem lögbær yfirvöld láta fara fram mat samkvæmt i-lið 3. mgr. 1. gr. eða dómstóll fellir úrskurð samkvæmt ii-lið 3. mgr. 1. gr. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til innstæðna skal hlutur hvers þeirra, með hliðsjón af þeim kerfum er gilda um umsjón fjárhæðanna, tekinn til greina við útreikning á mörkunum í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr.

Þessi málsgrein gildir ekki um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu.

9. gr.

- Aðildarríkin skulu sjá til þess að lánastofnanir veiti núverandi og væntanlegum innstæðueigendum sínum nauðsynlegar upplýsingar um það hvaða innlánatryggingakerfi lánastofnun og útibú hennar innan bandalagsins tengist, eða um það hvaða önnur kerfi fyrirfinnist, sbr. aðra undirgrein 1. mgr. 3. gr. eða 4. mgr. 3. gr. Innstæðueigendur skulu upplýstir um ákvæði varðandi innlánatryggingakerfið, meðal annars um það hversu há og víðtæk tryggingin sé, eða um ákvæði varðandi hugsanlegt annað kerfi. Þessar upplýsingar skulu samdar á auðskiljanlegu máli.

Ef farið er fram á það skal einnig veita upplýsingar um skilmála og formsatriði í tengslum við greiðslu tryggingafjárhæðar.

- Upplýsingarnar í 1. mgr. skulu samdar á þann hátt sem landslög mæla fyrir um, á hinu opinbera eða opinberu tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er.
- Aðildarríkin skulu setja reglur sem takmarka notkun í auglýsingaskyni á upplýsingunum er um getur í 1. mgr., til að koma í veg fyrir að slík notkun hafi áhrif á stöðugleika

bankakerfisins eða traust innstæðueigenda. Einkum geta aðildarríkin takmarkað slíkar auglýsingar við beinar vísanir til þess kerfis sem lánastofnunin er aðili að.

10. gr.

1. Tryggingakerfin þurfa að geta fullnægt réttmætum kröfum innstæðueigenda varðandi ótíltæk innlán eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem lögbær yfirvöld láta fara fram mat samkvæmt i-lið 3. mgr. 1. gr. eða dómstóll fellir úrskurð samkvæmt ii-lið 3. mgr. 1. gr.
2. Við vissar aðstæður og í undantekningartilvikum getur tryggingakerfi sótt um lengri frest til lögbærra yfirvalda. Slíkur frestur má ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Lögbær yfirvöld geta, að fenginni umsókn frá tryggingakerfinu, framlengt frestinn í mesta lagi tvisvar til viðbótar og í hvort sinn um þrjú mánuði í hæsta lagi.
3. Tryggingakerfið getur ekki með tilvísun til nefnds frests í 1. og 2. mgr. neitað að greiða út tryggingafjárhæð til innstæðueiganda sem gat ekki í tíma haldið fram kröfu um að fá tryggingafjárhæðina greidda.
4. Upplýsingar um skilmála og formsatriði sem þarf að uppfylla til að fá greiðslu í samræmi við trygginguna í 1. mgr. skulu samdar á þann hátt sem landslög segja á opinberu eða opinberum tungumálum í aðildarríkinu þar sem tryggðá innlánið er.
5. Þrátt fyrir frestinn í 1. og 2. mgr. má draga greiðslu samkvæmt tryggingakerfinu þar til dómsúrskurður liggur fyrir ef innstæðueigandi eða persóna sem hefur rétt til eða áhuga á fjárhæð á reikningi hefur hlotið ákæru fyrir lögbrot í tengslum við peningaþvott samkvæmt 1. gr. tilskipunar 91/308/EBE.

11. gr.

Við greiðslur samkvæmt tryggingakerfinu hefur tryggingakerfið rétt til að ganga inn í kröfuréttindi innstæðueiganda við skiptameðferð sem svarar til fjárhæðarinnar sem greidd er, án þess að þetta hafi að öðru leyti áhrif á þau réttindi sem kerfið kann að hafa samkvæmt landslögum.

12. gr.

Þrátt fyrir 3. gr. eru viðurkenndar lánastofnanir á Spáni eða í Grikklandi, sem eru taldar upp í III. viðauka, undanþegnar þeirri skyldu að tengjast innlánaþryggingakerfi fram til 31. desember 1999.

Þessar lánastofnanir skulu skilmerkilega upplýsa núverandi og væntanlega innstæðueigendur sína um að þær séu ekki aðilar að neinu innlánaþryggingakerfi.

Ef þessar lánastofnanir stofna eða hafa stofnað útibú á þessum tíma í öðru aðildarríki getur það aðildarríki krafist þess að viðkomandi útibú tengist innlánaþryggingakerfi á yfirráðasvæði þess samkvæmt þeim skilmálum sem segir í 2., 3. og 4. mgr. 4. gr.

13. gr.

Frankvæmdastjórnin skal á listanum yfir viðurkenndar lánastofnanir, sem hún gerir í samræmi við 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE, tilgreina stöðu hvers lánastofnunar með hliðsjón af þessari tilskipun.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja lög þessi og stjórnslufyrirmæli skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum er samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

E. KLEPSCH

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

G. ROMEOS

forseti

VIÐAUKI I

Innlán sem má undanskilja samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

1. Innlán frá fjármálastofnunum, sbr. 6. mgr. 1. gr. í tilskipun 89/646/EBE.
2. Innlán frá tryggingafyrirtækjum.
3. Innlán frá ríkinu.
4. Innlán frá bæjar- og sveitarfélögum eða héraðsstjórnunum.
5. Innlán frá fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu.
6. Innlán frá líffeyris- og eftirlaunasjóðum.
7. Innlán frá eigin forstjórum eða framkvæmdastjórum og öðrum stjórnendum lánastofnunar, frá félagsmönnum sem eru persónulega ábyrgir, frá eigendum minnst 5% af eigin fé lánastofnunar, frá persónum sem bera ábyrgð á löglegri endurskoðun reikninga lánastofnunar, og frá innstæðueigendum með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu.
8. Innlán frá nánnum skyldmönnum og þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd innstæðueigenda í lið 7.
9. Innlán frá öðrum félögum í sömu samsteypu.
10. Innlán sem eru ekki skráð á nafn.
11. Innlán sem innstæðueigandi hefur persónulega fengið vexti af eða annan fjárhagslegan ávinning sem hefur átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar.
12. Skuldabréf útgefin af lánastofnuninni og skuldbindingar sem varða eigin víxla og skuldaviðurkenningar.
13. Innlán í öðrum gjaldmiðlum, nema:
 - gjaldmiðlum aðildarríkja,
 - ECU.
14. Innlán frá félögum sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja stytta efnahagsreikning samkvæmt 11. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins (78/660/EBE) frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjótd. EB nr. L 222, 14. 8. 1978, bls. 11. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EBE (OJ nr. L 317, 16. 11. 1990, bls. 60).

VIÐAUKI II

Meginatriði til hliðsjónar

Sæki útibú um aðild að tryggingakerfi gistiríkis, setur kerfi gistiríkisins tvíhliða ásamt kerfi heimaríkisins viðeigandi verklagsreglur um greiðslur bóta til innstæðueigenda í því útibúi. Eftirfarandi meginatriði snerta bæði setningu þessara verklagsreglna og skilyrði fyrir aðild útibúsins (sbr. 2. mgr. 4. gr.).

- kerfi gistiríkisins hefur áfram fullan rétt til að beita almennum og hefðbundnum reglum sínum gagnvart aðildarlánastofnunum; það hefur rétt til að krefja stofnanirnar um viðeigandi upplýsingar og bera þær saman við upplýsingar hjá þar til bærum yfirvöldum í heimaríkinu;
- kerfi gistiríkisins verður við kröfum um viðbótarbætur ef fyrir liggur yfirlýsing frá lögbærum yfirvöldum heimaríkisins um að innlán sé ótíltækt. Kerfi gistiríkisins hefur áfram ótakmarkaðan rétt til að ganga úr skugga um, í samræmi við eigin verklagsreglur, hvort innstæðueigandi hafi rétt til viðbótarbóta áður en til greiðslu kemur;
- kerfi heimaríkis og gistiríkis hafa náð samstarf sín á milli til að tryggja að innstæðueigendur fái bætur sínar fljótt og örugglega. Þau skulu einkum semja um hvaða áhrif gagnkrafa, sem gæti gefið tilefni til skuldajafnaðar hjá öðru hvoru kerfinu, hafi á bætur sem innstæðueigandanum eru greiddar samkvæmt öðru kerfinu;
- kerfi gistiríkisins hefur rétt til þess að láta útibúin greiða framlag vegna bótagreiðslna og skal í því sambandi miðað við þá tryggingu sem kerfi heimaríkisins veitir. Til að auðvelda innheimtu slíks framlags hefur kerfi gistiríkisins rétt til að líta svo á að trygging þess takmarkist ætíð við þá tryggingu sem það veitir umfram trygginguna sem heimaríkið veitir, óháð því hvort heimaríkið greiði í reynd viðbótarbætur fyrir innlánið sem er ótíltækt á yfirráðasvæði gistiríkisins.

VIÐAUKI III

Skrá yfir lánastofnanir er um getur í 12. gr.

- a) Sérhæfðir flokkar spænskra lánastofnana, sem nú er verið að skoða að því er lagastöðu þeirra varðar, og eru viðurkenndir sem
- Entidades de Financiación o Factoring,
 - Sociedades de Arrendamiento Financiero,
 - Sociedades de Credito Hipotecario.
- b) Eftirfarandi spænskar ríkislánastofnanir:
- Banco de Credito Agricola, SA,
 - Banco Hipotecario de España, SA,
 - Banco de Credito Local, SA.
- c) Eftirfarandi grískar samvinnulánastofnanir:
- Samvinnulánastofnunin í Lamia,
 - Samvinnulánastofnunin í Ioannina,
 - Samvinnulánastofnunin í Xylocastron.
- og eftirfarandi samvinnulánastofnanir af svipuðu tagi sem eru viðurkenndar eða verið er að viðurkenna daginn sem tilskipun þessi er samþykkt:
- Samvinnulánastofnunin í Chania,
 - Samvinnulánastofnunin í Iraklion,
 - Samvinnulánastofnunin í Magnissia,
 - Samvinnulánastofnunin í Larissa,
 - Samvinnulánastofnunin í Patras,
 - Samvinnulánastofnunin í Þessalóníku.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar **94/EES/50/07**
nr. 19/94
frá 28. október 1994
um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/18/EB frá 30. maí 1994 um breytingu á tilskipun 80/390/EBE, til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi, með tilliti til þeirrar skyldu að birta skráningarlýsingu⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við 25. lið (tilskipun ráðsins 80/390/EBE) í IX. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„- **394 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/18/EB frá 30. maí 1994 (Stjttíð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/18/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/18/EB frá 30. maí 1994

um breytingu á tilskipun 80/390/EBE, til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi, með tilliti til þeirrar skyldu að birta skráningarlýsingu (*)

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 54. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾, í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eitt meginmarkmiðið með tilskipuninni um verðbréfaskráningu er að skapa skilyrði fyrir frekari samruna verðbréfamarkaða í bandalaginu með því að ryðja þeim hindrunum úr vegi sem hagkvæmt má telja.

Ein af þeim aðferðum sem nota má til að slíkur samruni nái fram að ganga er skráning yfir landamæri innan bandalagsins.

Tímabæk málsmeðferð er stór hindrun í vegi þess að sækja um skráningu í öðrum aðildarríkjum og einnig kostnaður samfara birtingu skráningarlýsingar eins og krafist er samkvæmt tilskipun ráðsins 80/390/EBE frá 17. mars 1980 til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi ⁽⁴⁾.

Með tilskipun ráðsins 87/345/EBE frá 22. júní 1987 um breytingu á tilskipun 80/390/EBE til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar

verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi ⁽⁵⁾, þar sem kveðið er á um gagnkvæma viðurkenningu á skráningarlýsingu þegar sótt er um skráningu samtímis í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, var stigið mikilvægt skref í þá átt að einfalda skráningu yfir landamæri.

Með tilskipun ráðsins 90/211/EBE frá 23. apríl 1990 um breytingu á tilskipun 80/390/EBE að því er varðar gagnkvæma viðurkenningu á að útboðslýsing almennra útboða gildi sem skráningarlýsing á verðbréfaþingi ⁽⁶⁾, þar sem viðurkennt er að útboðslýsing almennra útboða jafngildi skráningarlýsingu þegar opinberrar skráningar er óskað skömmu eftir almennt útboð, var stigið annað mikilvægt skref í sömu átt.

Allar nýjar ráðstafanir sem einfalda málsmeðferð yfir landamæri enn frekar kunna að flýta samruna verðbréfamarkaða í bandalaginu.

Í 6. gr. tilskipunar 80/390/EBE eru þegar skilgreind nokkur tilvik þar sem lögbærum yfirvöldum er heimilt að kveða á um takmarkaða eða algjöra undanþágu frá þeirri kvöð að birta skráningarlýsingu. Kveðið er á um slíkar takmarkaðar eða algjörar undanþágur, sem einkum varða tilvik þar sem verðbréf í sama flokki hafa þegar verið skráð á opinberu verðbréfaþingi í sama landi og eru þar af leiðandi gagnslausar í flestum þeim tilvikum þegar um tvö lönd ræðir, skuli veittar svo framarlega sem fjárfestar í því landi njóti þegar takmarkaðrar eða fullkominnar verndar með því að nýjum, áreiðanlegum upplýsingum, ófullkomnum eða fullkomnum, hafi þegar verið dreift og þær séu tiltækar.

Sá kostur sem kveðið er á um í þessari tilskipun er gagnleg ráðstöfun sem er í samræmi við meginregluna um verndun fjárfesta um leið og hún tryggir starfsemi markaðanna.

Virðist því rétt að kveða á um að aðildarríki þar sem sótt er um opinbera skráningu eigi þess kost í vissum tilvikum að veita takmarkaða eða algjöra undanþágu frá þeirri kvöð að birta útgefendum skráningarlýsingu hafi verðbréf þeirra þegar verið skráð á opinberu verðbréfaþingi í öðru aðildarríki.

Félög sem eru traust og örugg og alþjóðlega viðurkennd, og hafa um nokkurt skeið verið á verðbréfaskrá í bandalaginu, eru líklegust til að sækja um skráningu yfir landamæri. Yfirleitt eru

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið nr. C 23, 27. 1. 1993, bls. 6. Stjtið. EB nr. C 88, 25. 3. 1994, bls. 3

(2) Stjtið. EB nr. C 161, 14. 6. 1993, bls. 31.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 15. desember 1993 (Stjtið. EB nr. C 20, 24. 1. 1994). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. mars 1994 (OJ nr. C 137, 19. 5. 1994) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. apríl 1994 (OJ nr. C 128, 9. 5. 1994).

(4) Stjtið. EB nr. L 100, 17. 4. 1980, bls. 1.

(5) Stjtið. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 81.

(6) Stjtið. EB nr. L 112, 3. 5. 1990, bls. 24.

Þessi félög vel þekkt í flestum aðildarríkjum. Upplýsingum um þau hefur verið dreift víða.

Tilskipun 80/390/EBE þjónar þeim tilgangi að tryggja að fjárfestum séu láttnar í té nægar upplýsingar. Því er hagsmunum fjárfesta með starfsemi á markaði í gistiríki nægjanlega borgið með því að þeim berist einungis einfaldar upplýsingar í stað fullkominnar skráningarlýsingar þegar slíkt félag sækir um skráningu verðbréfa sinna í því ríki.

Það kynni að vera gagnlegt fyrir aðildarríkin að ákvarða töluleg lágmarksviðmið án mismununar, t.d. fyrir markaðsverðgildi fyrirtækjanna sem útgefendur skulu uppfylla til þess að geta notið góðs af þeim undanþágukostum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Með auknum samruna verðbréfamarkaða skulu lögbær yfirvöld eiga þess jafnan kost að veita minni félögum sambærilega meðferð.

Enn fremur hafa mörg verðbréfaþing hliðarmarkaði þar sem fram fara viðskipti með hlutabréf félaga sem ekki fá opinbera skráningu. Í nokkrum tilvikum lúta hliðarmarkaðir reglum og eftirliti yfirvalda sem eru viðurkennd af opinberum aðilum er gera kröfur til félaga um birtingu upplýsinga sem efnislega jafngilda kröfum gerðum til opinberlega skráðra félaga. Því er einnig unnt að beita meginreglunni sem ákvæði 6. gr. tilskipunar 80/390/EBE grundvallast á þegar slík félög leita eftir opinberri skráningu verðbréfa sinna.

Fyrirhugaðar ráðstafanir eru raunverulegur ávinningur, ígildi meiri skilvirkni í starfsemi verðbréfamarkaða í bandalaginu, sem rekja má til aðlögunar gildandi löggjafar bandalagsins að nýjum þörfum og raunverulegri stöðu markaðarins. Þar eð þessar ráðstafanir hafa í för með sér aukið vald á einni hendi sem lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki hafa á þessu sviði um leið og nægjanlegu eftirliti er haldið uppi á vettvangi bandalagsins þá eru þær einnig heppilegasta svarið sem völ er á við nýjum þörfum varðandi opinbera skráningu verðbréfa um þessar mundir.

Takmörkuð eða algjör undanþága frá þeirri kvöð að birta skráningarlýsingar sem fyrirhuguð er samkvæmt þessari tilskipun hefur ekki áhrif á það fyrirkomulag sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/279/EBE frá 5. mars 1979 til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi⁽¹⁾.

Í því augnamiði að vernda hagsmuni fjárfesta skulu gögn sem eiga að vera tiltæk almenningi send fyrst til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu þar sem leitað er eftir opinberri skráningu. Það er á valdi þess aðildarríkis að ákvarða hvort lögbær yfirvöld þar skuli rannsaka gögnin og segja fyrir um, gerist þess þörf, með hvaða hætti rannsóknin skuli fara fram og hvers eðlis hún skuli vera.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1 Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun. gr. 80/390/EBE:

1. Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 6. gr.:

„4. þegar

- a) verðbréf eða hlutabréf útgefanda eða hlutabréfaskírteini hafa opinberlega verið skráð í öðru aðildarríki í að minnsta kosti þrjú ár áður en sótt er um opinbera skráningu;
- b) lögbær yfirvöld í aðildarríki eða aðildarríkjum þar sem verðbréf útgefanda eru opinberlega skráð hafa staðfest gagnvart lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem leitað er eftir opinberri skráningu að útgefandi hafi, undanfarin þrjú ár eða allan þann tíma sem verðbréf hans hafa verið opinberlega skráð, sé það skemmri tími en þrjú ár, uppfyllt allar kröfur um upplýsingar og skráningu sem gerðar eru samkvæmt tilskipunum bandalagsins til félaga sem eiga opinberlega skráð verðbréf;
- c) eftirfarandi er birt með þeim hætti sem kveðið er á um í 20. gr. og 1. mgr. 21. gr.:
 - i) skjal með eftirfarandi upplýsingum:
 - yfirlýsingu þess efnis að sótt hafi verið um opinbera skráningu verðbréfa. Þegar um hlutabréf er að ræða skal einnig tilgreina í yfirlýsingunni fjölda og flokk viðkomandi hlutabréfa og lýsa í stuttu máli réttindum sem þeim fylgja. Þegar um er að ræða hlutabréfaskírteini skal einnig tilgreina í yfirlýsingunni réttindi sem tengjast upprunalegum verðbréfum og veita upplýsingar um þann möguleika að breyta skírteinunum í upprunaleg verðbréf og aðferðina til þess. Þegar um er að ræða skuldabréf skal einnig tilgreina í yfirlýsingunni nafnvirði láns (ef upphæðin er ekki föst skal það tekið fram) svo og lánaskilmála; ef ekki er um að ræða stöðuga útgáfu, útgáfu, innlausnarverð og nafnvexti (skilyrði fyrir vaxtabreytingu ef kveðið er á um margs konar vexti); þegar um er að ræða breytanleg skuldabréf, skiptanleg skuldabréf, skuldabréf með kauprétti að hlut eða kauprétt að hlut skal einnig vera í yfirlýsingunni upplýsingar um eðli hlutabréf sem í boði eru með breytingum,

(¹) Stjótt. EB nr. L 66, 16. 3. 1979, bls. 21.

- skiptum eða í áskrift, réttindi sem þeim fylgja, skilyrði fyrir og aðferðir við breytingu, skipti eða áskrift, svo og við hverjar aðstæður megi breyta þeirri skipan,
- nákvæmar upplýsingar um markverðar breytingar eða þróun sem átt hefur sér stað eftir það er varða gögnin sem um getur í ii- og iii-lið,
 - upplýsingar sem sérstaklega eiga við um markaðinn í því landi þar sem sóst er eftir skráningu, einkum um tekjuskattskerfið og þá stofnun er annaðist greiðslur fyrir útgefandann og þann hátt sem hafður er á við birtingu tilkynninga til fjárfesta, og
 - yfirlýsingu af hálfu þeirra sem ábyrgir eru fyrir þeim upplýsingum sem eru veittar samkvæmt fyrstu þremur undirlíðunum þess efnis að þær séu réttar og engu sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika skjalsins;
- ii) síðasta ársskýrsla, síðustu endurskoðaðir ársreikningar (semji útgefandinn bæði eigin ársreikninga og samstæðuársreikninga skal leggja bæði uppgjörin fram. Þó geta lögbær yfirvöld veitt útgefanda heimild til að leggja annaðhvort fram eigin ársreikninga eða samstæðureikninga svo fremi engar viðbótarupplýsingar sem máli skipta felist í uppgjörinu sem ekki er lagt fram) og síðasta hálfársuppgjör útgefanda fyrir viðkomandi ár, hafi það þegar verið birt;
- iii) skráningarlýsingar, útboðslýsingar eða samsvarandi gögn sem útgefandi birti næstlíðna 12 mánuði áður en sótt er um opinbera skráningu; og
- iv) eftirfarandi upplýsingar sé þær ekki þegar að finna í þeim gögnum sem kveðið er á um í i-, ii- og iii-lið:
- upplýsingar um hvernig stjórn, framkvæm-dastjórn og eftirlitsnefnd félagsins eru skipaðar og hlutverk einstakra nefndarmanna,
 - almennar upplýsingar um eigið fé,
 - vitneskja um raunverulega stöðu byggð á nýjustu upplýsingum sem útgefanda hafa borist samkvæmt ákvæðum
- tilskipunar ráðsins 88/627/EBE frá 12. desember 1988 um upplýsingar er birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem skráð er á verðbréfaþingi ⁽¹⁾, og
- skýrslur þeirra sem eru ábyrgir fyrir endurskoðun ársreikninganna sem síðast voru birtir og krafist er lögum samkvæmt í því aðildarríki þar sem skráð skrifstofa útgefanda er staðsett;
- d) fram kemur í tilkynningum, dreifibréfum, auglýsingum og gögnum þar sem opinber skráning verðbréfa er boðuð og eðli og einkenni verðbréfa gefið til kynna svo og í öllum öðrum gögnum sem skráninguna varða og útgefandi eða annar fyrir hans hönd hyggst birta að þær upplýsingar sem um getur í c-lið séu til og bent á hvar þær séu eða verði birtar á þann hátt sem mælt er fyrir um í 20. gr.; og
- e) þær upplýsingar sem um getur í c-lið og þær tilkynningar, dreifibréf, auglýsingar og gögn sem um getur í d-lið hafi verið send lögbærum yfirvöldum áður en þau urðu almenningi tiltæk;
5. þegar félög, í hverjum hlutabréf hafa gengið kaupum og sölum á hliðarmarkaði í minnst tvö undanfarin ár, sem lúta reglum og eftirliti opinberlega viðurkenndra yfirvalda, leita eftir opinberri skráningu á verðbréfum sínum í sama aðildarríki, og fjárfestar eiga, að álitu lögbærra yfirvalda, aðgang að efnislegum upplýsingum sambærilegum þeim sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar áður en opinber skráning tekur gildi.”;
2. Eftirfarandi 6. gr. a við:
- „6. gr. a
- Birta skal þær upplýsingar sem um getur í c- og d-lið 4. mgr. 6. gr. á opinberu tungumáli eða einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem leitað er eftir opinberri skráningu eða á öðru tungumáli að því tilskildu að hefð sé fyrir notkun þess tungumáls í tengslum við fjármál í viðkomandi aðildarríki, það sé viðurkennt af lögbærum yfirvöldum og, ef við á, að önnur skilyrði sem þau kunna að setja séu uppfyllt.”
- 2. gr.**
1. Þau aðildarríki sem hyggjast nýta sér þá valkosti sem kveðið er á um í þessari tilskipun skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eftir birtingu hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæm-dastjórninni þegar í stað.

(1) Stjútö. EB nr. L 348, 17. 12. 1988, bls. 62.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði innlendra laga og stjórnsýslufyrirmæli er samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

E. KLEPSCH

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

G. ROMEOS

forseti

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **94/EES/50/08**
nr. 20/94

frá 28. október 1994
um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3118/93 varðandi fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) 3118/93) í XIII. viðauka við samninginn:

„26d. **394 R 0792:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu

reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3118/93 varðandi fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu (Stjttíð. EB nr. L 92, 9. 4. 1994, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

reglugerð þessi gildir ekki um fyrirtæki sem hafa staðfestu í Austurríki og hún gildir ekki heldur í tengslum við vöruflutninga á austurrísku yfirráðasvæði. Tvíhliða samningar milli Austurríkis og hinna sammingsaðilanna skulu gilda um gagnkvæman aðgangsrétt.“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) 792/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjttíð. EB nr. L 92, 9.4.1994, bls. 13.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 792/94
frá 8. apríl 1994**

**um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3118/93 varðandi fyrirtæki
sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu (*)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93 frá 25. október 1993 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Gestaflutningaleyfi skulu gefin út bæði til fyrirtækja sem hafa leyfi til að stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu og til fyrirtækja sem stunda vöruflutninga á vegum gegn gjaldi.

Gistiríkið skal líta á gestaflutningaleyfi sem fullnægjandi sönnun um að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu í samræmi við 4. lið viðaukans við fyrstu tilskipun ráðsins frá 23. júlí 1962 um setningu sameiginlegra reglna um tiltekna vöruflutninga á vegum milli aðildarríkja ⁽²⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 881/92 ⁽³⁾.

Öll skilyrði fyrir útgáfu og notkun útflutningaleyfa sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3118/93 skulu gilda um vöruflutninga á vegum í eigin þágu.

Þessi reglugerð gildir frá 1. janúar 1994 að telja þannig að hún taki til vöruflutninga á vegum í eigin þágu sem þegar eru stundaðir samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3118/93.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Fyrirtæki, sem hafa leyfi samkvæmt löggjöf staðfestuaðildarríkisins til að stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu, skulu eiga rétt á gestaflutningaleyfi sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3118/93, með sömu skilyrðum og fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum gegn gjaldi.

2. gr.

Yfirvöld gistiríkisins skulu líta á gestaflutningaleyfi sem fullnægjandi sönnun þess að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda vöruflutninga í eigin þágu í samræmi við 4. lið viðaukans við fyrstu tilskipunina.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Hún gildir frá og með 1. janúar 1994 að telja.

Reglugerð þess er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Abel MATUTES

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttfö. EB nr. L 92, 9. 4. 1994, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 20/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttfö. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 1.

(2) Stjttfö. EB nr. 70, 6. 8. 1962, bls. 2005/62.

(3) Stjttfö. EB nr. L 95, 9. 4. 1992, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 94/EES/50/09
nr. 21/94

frá 28. október 1994
um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 844/94 frá 12. apríl 1994, til breytingar á reglugerð (EBE) nr. 1101 /89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum⁽¹⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 44. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 R 0844:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 844/94 frá 12. apríl 1994 (Stjtíð. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls.1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 844/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls. 1.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 844/94
frá 12. apríl 1994
um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(*)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af málsmeðferðinni í 189. gr. c í sáttmálanum, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 1101/89 ⁽³⁾ voru gerðar ráðstafanir til að draga verulega úr umframflutningsgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum; meðal annars voru gerðar tímabundnar ráðstafanir sem var ætlað að takmarka fjárfestingar í nýju flutningsrými og áttu upphaflega að gilda um fimm ára skeið.

Þessar ráðstafanir hafa stuðlað að minnkandi umframflutningsgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum; efnahagssamdráttur að undanfögnu hefur samt sem áður valdið minnkandi eftirspurn eftir flutningum á skipgengum vatnaleiðum sem á ný hefur leitt til aukinnar umframflutningsgetu á öllum sviðum flutninga á skipgengum vatnaleiðum; því er æskilegt að ráðstafanirnar um skipulagsumbætur gildi áfram um nokkurn tíma; þá ber að skýra hugtakið „skip í rekstri“ að því er varðar þessa reglugerð.

Spár gera ráð fyrir að umframflutningsgeta verði viðvarandi um langt skeið; því ber að endurmeta stöðuna fyrir árslok 1996 með hliðsjón af markaðsstöðunni eins og hún verður þá.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 1101/89:

1. Eftirfarandi komi í stað inngangs að þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr.:

„Í skipaflota í rekstri skulu vera skip í vel starfhæfu ástandi sem greitt hefur verið árlegt framlag fyrir samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 4. gr. að minnsta kosti þrisvar sinnum og“;

2. Í fyrsta málslið a-liðar 1. mgr. 8. gr. komi „tíu ára“ í stað „fimm ára“;

3. Eftirfarandi málsgrein er bætt við 10. gr.:

„5. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu eigi síðar en 31. desember 1996 þar sem lagt er mat á heildaráhrif þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tillögur ef við á.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 28. apríl 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 12. apríl 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

F. CONSTANTINO

forseti

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES- viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttö. EB nr. C 341, 18. 12. 1993, bls. 17.

(2) Álit var skilað 26. janúar 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(3) Stjttö. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 94/EES/50/10**nr. 22/94****frá 28. október 1994****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/326/EBE frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE frá 22. október 1993 um viðmiðunarforsendur fyrir einfölduðum verklagsreglum þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt út í umhverfið af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við lið 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/517/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„2ea. **393 D 0326:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/326/EBE frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin (Stjttíð. EB nr. L 129, 27. 5. 1993, bls. 23).

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjttíð. EB nr. L 129, 27. 5. 1993, bls. 23.

(³) Stjttíð. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 42.

(⁴) Stjttíð. EB nr. L 7, 11. 1. 1994, bls. 17.

2eb. **394 D0010:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 7, 11. 1. 1994, bls. 17).“.

2. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 25b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/146/EBE):

„25c. **393 D 0584:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE frá 22. október 1993 um viðmiðunarforsendur fyrir einfölduðum verklagsreglum þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt út í umhverfið af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE (Stjttíð. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 42).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð skulu geranauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari ákvörðun frá 1. janúar 1995.“.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/326/EBE, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EBE á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar nauðsynlegar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR frá 13. maí 1993

um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin (*)

(93/326/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að við hverja umsókn um merki skuli greiða gjald fyrir þann kostnað sem afgreiðsla hennar hefur í för með sér og að í skilmálum um notkun merkisins skuli gert ráð fyrir greiðslu gjalds.

Enn fremur er í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 kveðið á um að útbúnaður skuli leiðbeiningar um gjaldskrá í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr. umræddrar reglugerðar.

Ráðstafanirnar í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Við hverja umsókn um merki skal greiða gjald fyrir þann kostnað sem afgreiðsla hennar hefur í för með sér.
2. Viðmiðunargjald vegna umsóknar skal vera 500 ECU.

2. gr.

1. Gjald vegna notkunar á merki skal greitt árlega af hverjum umsækjanda sem hefur verið úthlutað vistmerki í samræmi við ákvæði 10. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

2. Árgjaldið skal gilda fyrir 12 mánaða tímabil sem hefst þann dag sem umsækjanda er úthlutað vistmerkinu.
3. Árgjaldið skal reiknað sem ákveðið hundradshlutfall af árlegri sölu innan bandalagsins á þeirri vöru sem vistmerkið fæst fyrir.
4. Viðmiðunarhlutfall vegna árlegrar sölu skal vera 0,15%.
5. Lágmarksviðmiðunargjald skal vera 500 ECU.

3. gr.

1. Lögbærum stofnunum skal heimilt að fastsetja hin eiginlegu gjöld á bili sem liggur 20% fyrir ofan eða neðan viðmiðunargjaldið sem er tilgreint hér að framan. Þessari heimild skal beitt þannig að óski lögbær stofnun eftir því að miða gjöld sín við annað mark en viðmiðunartölurnar skulu sömu frávik gilda um öll gjöld sem lögbæra stofnunin ákveður.
2. Ef greiða þarf virðisaukaskatt af þessum gjöldum skal virðisaukaskattshlutfallið vera innfalið í þeirri hækkun sem lögbærri stofnun er heimilt að leggja á.

4. gr.

Þegar gjald vegna umsóknar og árgjald er ákveðið skal fylgja þeim viðbótarviðmiðunarreglum sem fram koma í viðaukanum við þessa ákvörðun.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 129, 27. 5. 1994, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

VIÐBÓTARVIÐMIÐUNARREGLUR

- i) Árlegar sölutölur vörunnar skulu miðast við verð frá verksmiðju. Ekki skal draga greiðslu á gjöldum til lögbærra stofnana uns heildarsala yfir árið liggur fyrir enda getur hún farið fram, annaðhvort að hluta eða að fullu, áður en slíkar niðurstöðutölur liggja fyrir og endanleg staðfesting fengist síðar.
- ii) Hvorki má í umsóknargjaldi né árgjaldi felast nokkur hluti kostnaðar við hugsanlega prófun sem getur þurft að gera á vörum sem umsóknir taka til. Umsækjendur verða sjálfir að standa straum af kostnaði við slíkar prófanir.
- iii) Endurskoðun bandalagsins á uppbyggingu gjaldskrár vegna kerfis um úthlutun vistmerkis getur leitt til þess að viðmiðunartölur verði endurskoðaðar. Þetta ætti ekki að hafa í för með sér breytingar á gjöldum, sem ber að greiða vegna umsóknar er leiddi til úthlutunar merkis fyrir þann dag sem bandalagið ákvað að endurskoða viðmiðunartölur, fyrr en við lok gildistíma viðmiðunarforsendna sem varða viðkomandi merki.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 21. desember 1993
um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins (*)
(94/10/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að ákvörðun um að úthluta vistmerki skuli tekin af lögbærri stofnun aðildarríkis þegar varan hefur verið metin. Enn fremur er kveðið á um að stofnunin skuli tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína og láta fylgja með allar matsniðurstöður og ágríp af þeim.

Með því að nota staðlað eyðublað má gera ráð fyrir að gagnsæi vörumatsins og úthlutunaraðferðanna aukist.

Ráðstafanirnar í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðlaða eyðublaðið sem um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er hér með fest í sessi, með því sniði sem fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 7, 11. 1. 1994, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

Staðlað eyðublað sem lögbær stofnun skal fylla út vegna tilkynningar samkvæmt 3. mgr. 10. gr. eða í upplýsingaskyni í samræmi við 7. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 880/92

INNSENDINGARDAGUR NÚMER UMSÓKNAR ⁽¹⁾

ÁKVÖRÐUN SAMÞYKKT HAFNAÐ ⁽²⁾

Andmæli frá öðrum lögbærum stofnunum verða að berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en ⁽³⁾

1. UPPLÝSINGAR UM LÖGBÆRA STOFNUN

HEITI OG FULLT HEIMILISFANG	SÍMI	BRÉFASÍMI
.....		
.....		
.....		
Milligöngumaður:		

2. UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA NAFN OG FULLT HEIMILISFANG SÍMI BRÉFASÍMI

HEITI OG FULLT HEIMILISFANG	SÍMI	BRÉFASÍMI
.....		
.....		
.....		
<input type="checkbox"/> Framleiðandi <input type="checkbox"/> Innflytjandi <input type="checkbox"/> Annað (vinsamlegast tilgreinið)		
Milligöngumaður:		
Staðsetning starfsstöðva(r):		

3. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKN

<input type="checkbox"/> Fyrsta umsókn	<input type="checkbox"/> Endurnýjun-tilgreinið skráningarnúmer upprunalegu umsóknarinnar ⁽⁴⁾	<input type="text"/>
<input type="checkbox"/> Annað (vinsamlegast tilgreinið — notið sérstakt blað ef með þarf)		

4. VÖRULÝSING

Vöruheiti:
Viðskiptaheiti:
.....
.....

5. Hvaða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar/ráðsins gildir um þessa vöru?

/ / EBE

6. Er varan í samræmi við ákvæði 1. og 4. gr. reglugerðarinnar?

Já Nei —————> Umsókn hafnað

Hefur öllum viðmiðunarforsendum samkvæmt ákvörðuninni í 5. lið verið mætt?

Já Nei —————> Umsókn hafnað

Hefur þessari vöru áður verið hafnað við umsókn um úthlutun vistmerkis?

Nei Já

- Hvenær?

- Af hvaða lögbærri stofnun?

- Skráningarnr. (5)

7. Þennan hluta þarf ekki að fylla verði umsókninni hafnað.

Vörumat í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar og viðmiðunarforsendur vöruhóps eins og mælt er fyrir um í ákvörðuninni sem um getur í 6. lið að framan.

NIÐURSTÖÐUR VÖRUMATS (*):

Lykilviðmiðunarforsendur

Viðmiðunarforsendur fyrir bestu framkvæmd (þar sem við á)

Hæfnisviðmiðanir (þar sem við á)

Aðrar viðmiðunarforsendur (þar sem við á)

VOTTUN / PRÓFUNARSTOFA:

Nafn ábyrgðarmanns:

Heiti stofu:

Heimilisfang stofu:

Athugasemdir:

(1) Númer sem lögbær stofnun úthlutar og kemur fram á umsóknareyðublaði vegna vistmerkis.

(2) Strikið út það sem á ekki við.

(3) Lokafrestur er 30 dagar eftir að staðlaða eyðublaðið var sent framkvæmdastjórninni.

(4) Númer fært í skrá yfir viðurkenndar umsóknir.

(5) Númer fært í skrá yfir umsóknir sem er hafnað.

Útfyllt eyðublað skal sent til:

Framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (Commission of the European Communities)

Directorate-General X1.A.2

TRMF 4/111

200, rue de la Loi

B-1049 Brussel

Sími: +32 2 299 03 85 — Bréfasími: 32 2 299 03 13

Útfyllist ekki (til nota fyrir framkvæmdastjórnina)

Móttökudagur

Fært í skrá undir nr.

Afrit sent til

Dagsetning

(*) Notið sérstakt blað ef með þarf.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR frá 22. október 1993

um viðmiðunarforsendur fyrir einfölduðum verklagsreglum þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt út í umhverfið af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE (*)

(93/584/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Telji lögbært yfirvald að nægileg reynsla hafi fengist af því að sleppa tilteknum erfðabreyttum lífverum (GMO) getur það sótt um til framkvæmdastjórnarinnar að fá að nota einfaldaðar verklagsreglur þegar slíkum tegundum erfðabreyttra lífvera er sleppt. Framkvæmdastjórninni ber að ákveða viðmiðunarforsendur sem byggjast á því að heilsa manna og umhverfis sé tryggt og færa haldbær rök fyrir því að öryggis sé gætt þannig að henni verði kleift að ákveða hvort mæla bera með sérstökum einfölduðum verklagsreglum.

Nú liggur fyrir nægileg þekking og upplýsingar um nauðsynleg skilyrði fyrir því að heilsu manna og umhverfis sé ekki stefnt í hættu þegar tilteknum tegundum erfðabreyttra lífvera er sleppt.

Þar sem gera þarf mismunandi öryggiskröfur vegna ólíkra tegunda lífvera er talið rétt að kveða á um mismunandi viðmiðunarforsendur vegna plantna, dýra og örvera og af því leiðir að viðmiðunarforsendurnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun gilda einungis um erfðabreyttar plöntur en það er sá hópur erfðabreyttra lífvera sem menn hafa mesta reynslu af fram að þessu.

Upplýsingar sem hafa fengist þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt benda til þess að það fari eftir eiginleikum arfþegaplöntutegundarinnar, eiginleikum innskotsraðanna og afurða þeirra og eiginleikum viðtökuvistkerfanna hversu áhættulaust er að sleppa slíkum plöntum. Viðmiðunarforsendurnar skulu sérstaklega sniðnar með það í huga að meta framangreinda eiginleika.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 15.

Með þessum viðmiðunarforsendum fæst hlutlægur og samhæfður grundvöllur fyrir afgreiðslu umsókna um að fá að nota einfaldaðar verklagsreglur.

Fyrir skýrleika sakir er rétt að einsleit aðferð sé notuð við samningu umsókna um einfaldaðar verklagsreglur.

Umsókn skal byggð á reynslu af viðkomandi erfðabreyttri lífveru og á upplýsingum um öryggissjónarmið vegna heilsu manna og umhverfis. Í þessu sambandi er við hæfi að reynslan geti einnig tekið til eigin reynslu lögbæra yfirvaldsins af því að sleppa sömu erfðabreyttu lífverunum og reynslu af svipuðum vistkerfum, hvort heldur sem er innan bandalagsins eða á alþjóðavettvangi.

Svo að unnt sé að beita einsleitum aðferðum, sem uppfylla skilyrði um að tekið sé tillit til öryggissjónarmiða vegna heilsu manna og umhverfis, í eins ríki mæli og verða má, er mikilvægt að öll aðildarríki eigi þess kost að taka þátt í umsókn um að fá að nota einfaldaðar verklagsreglur. Með þetta í huga ber að taka upp viðeigandi aðferð.

Þessi ákvörðun er í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 21. gr. tilskipunar 90/220/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um beitingu einfaldaðra verklagsreglna þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 90/220/EBE, á grundvelli viðmiðunarforsendnanna sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr. og með skírskotun til nægilegrar reynslu og staðfestingar á henni eins og um getur í 2. gr.
2. Viðmiðunarforsendur varðandi eiginleika arfþegaplöntutegundarinnar skulu vera sem hér segir:
 - a) flokkunarfræðileg staða plöntunnar og líffræði (æxlunarform og frævun, hæfni til að æxlast með skyldum tegundum) verður að vera vel þekkt, og
 - b) upplýsingar verða að liggja fyrir um hugsanleg víxláhrif sem geta haft áhrif við áhættumat á

arfþegaplöntu-tegundunum og öðrum lífverum í landbúnaðarvist-kerfum eða í vistkerfinu þar sem tilraunasleppingin fer fram,

og

- c) vísindaleg gögn verða að liggja fyrir um öryggissjónarmið vegna heilsu manna og umhverfis þar sem erfðabreyttum plöntum af sömu arfþegaplöntutegund hefur verið sleppt í tilraunaskyni.

3. Viðmiðunarforsendur varðandi eiginleika innskotsraðanna og afleiddra afurða þeirra skulu vera sem hér segir:

- a) innskotsraðirnar og afleiddar afurðir þeirra verða að vera hættulausar heilsu manna og umhverfi við þau skilyrði sem ríkja við tilraunasleppinguna,

og

- b) innskotsraðirnar verða að vera:

- auðþekktanlegar, og
- samofnar erfðamengi frumukjarna plöntunnar.

4. Sú viðmiðunarforsenda skal gilda þegar sleppingartilraunir fara fram á ökrum að alltaf þegar þörf er á skuli beitt viðeigandi aðferðum við áhættustjórnun á meðan á tilraunasleppingu stendur eða að henni lokinni til að tryggja að heilsu manna og umhverfi sé ekki stefnt í hættu.

5. Viðmiðunarforsendurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. skulu gilda í öllum tilvikum en taka skal mið af viðmiðunarforsendunni sem mælt er fyrir um í 4. mgr. við mat á umsókn um einfaldaðar verklagsreglur og hún gilda eftir atvikum.

2. gr.

1. Umsókn um að fá að nota einfaldaðar verklagsreglur skal lögð fram í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. og 3. gr.

2. Umsóknin skal send framkvæmdastjórninni skriflega og henni skulu fylgja tækniskjöl með lýsingu á einfölduðum verklagsreglum sem eru lagðar til, hugsanlegum skilyrðum við notkun þeirra og upplýsingar og gögn um fullnægjandi reynslu sem af þeim hefur fengist við sleppingu á viðkomandi erfðabreyttum lífverum.

3. Með fullnægjandi reynslu er átt við að unnt sé að sýna fram á að heilsu manna og umhverfi stafi ekki hættu af viðkomandi erfðabreyttum lífverum og getur hún verið byggð á eigin reynslu lögbæra yfirvaldsins af sleppingu sömu erfðabreyttra lífvera, reynslu af sleppingu viðkomandi erfðabreyttra lífvera í svipuðum vistkerfum og reynslu í fleiri en einu landi.

3. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórninni hefur borist umsókn og tilheyrandi tækniskjöl skal hún þegar í stað koma áleiðis til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum afriti af umsókninni og tækniskjölunum.

2. Innan 45 daga frá því að umsóknin og tilheyrandi tækniskjöl voru send áleiðis getur hvaða annað lögbært yfirvald sem er tilkynnt framkvæmdastjórninni skriflega að það hyggist taka þátt í umsókninni. Með það í huga getur lögbæra yfirvaldið lagt fram frekari gögn í málinu til stuðnings upprunalegu umsókninni.

3. Þegar fresturinn sem er tilgreindur í 2. mgr. er runninn út afgreiðir framkvæmdastjórnin umsóknina tafarlaust í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. tilskipunar 90/220/EBE.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. október 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar **94/EES/50/11**
nr. 23/94
frá 28. október 1994
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB frá 15. apríl 1994 um fyrstu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/220/EBE um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/211/EB frá 15. apríl 1994 um breytingu á ákvörðun ráðsins 91/596/EBE varðandi snið samantektarskýrslu um tilkynningu sem um getur í 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi bætist við 25. lið (tilskipun ráðsins 90/220/EBE) í XX. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB frá 15. apríl 1994 (Stjttfð. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20).“.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við 25. lið a (ákvörðun ráðsins 91/596/EBE) á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni breytt með:

- **394 D 0211:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/211/EB frá 15. apríl 1994 (Stjttfð. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 26).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/211/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(1) Stjttfð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(2) Stjttfð. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20.

(3) Stjttfð. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 26.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB
frá 15. apríl 1994
um fyrstu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/220/EBE um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið ⁽¹⁾, einkum 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í II. viðauka við tilskipun 90/220/EBE kemur fram hvaða upplýsingar þarf að veita í tilkynningu um sleppingu erfðabreyttra lífvera af ásettu ráði út í umhverfið.

Upplýsingakröfurnar í tilkynningum um sleppingu erfðabreyttra lífvera af ásettu ráði, samanber II. viðauka, eru mjög almennar svo þær nái til allra tegunda af erfðabreyttum lífverum. Sumar upplýsinganna eiga þó aðeins við um tiltekna tegundir lífvera.

Að fenginni reynslu af sleppingu erfðabreyttra háplantna er rétt að laga II. viðauka að tækniframförum með því að gera ráð fyrir undirviðauka um háplöntur.

Það er því heppilegast að skipta II. viðauka í tvo undirviðauka: II. viðauka A með þeim upplýsingum sem þarf að veita vegna sleppingar annarra erfðabreyttra lífvera en háplantna og II. viðauka B með þeim upplýsingum sem þarf að veita vegna sleppingar erfðabreyttra háplantna.

Ráðstafanirnar í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem er kveðið á um í 21. gr. tilskipunar 90/220/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 90/220/EBE komi viðaukinn hér aftan við.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi lög og stjórnsýslufyrirmæli skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi tutugu dögum frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. apríl 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 15.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA Í TILKYNNINGUNNI

Í tilkynningu um sleppingu sem um getur í 5. gr. og í tilkynningu um markaðssetningu sem um getur í 11. gr. skulu vera þær upplýsingar sem er krafist í II. viðauka A og B hér að aftan.

Atriðin eiga ekki öll við í hverju einstöku tilviki. Því er líklegt að einstakar tilkynningar taki eingöngu til þeirra atriða sem eiga við aðstæður hverju sinni.

Ætla má að þörfin fyrir nákvæmni í svörum í einstökum atriðum sé breytileg eftir eðli og umfangi fyrirhugaðrar sleppingar.

Í II. viðauka A er fjallað um sleppingu allra annarra tegunda erfðabreyttra lífvera en háplantna. Í II. viðauka B er fjallað um sleppingu erfðabreyttra háplantna.

Hugtakið „háplöntur” merkir plöntur í flokkunum Gymnospermae og Angiospermae.

II. VIÐAUKI A

UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA Í TILKYNNINGUM UM SLEPPINGU ANNARRA ERFÐABREYTTRA LÍFVERA EN HÁPLANTNA

I. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- A. Nafn og heimilisfang tilkynnanda (fyrirtæki eða stofnun).
- B. Upplýsingar um nafn, hæfi og reynslu vísindamanna sem bera ábyrgð á verkefninu.
- C. Heiti verkefnis.

II. UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTAR LÍFVERUR

- A. Eiginleikar a) arfgjafa, b) arfþega eða c) (eftir því sem við á) móðurlífveru eða móðurlífvera:
 - 1. vísindaheiti;
 - 2. flokkun;
 - 3. önnur heiti (hefðbundið nafn, nafn stofns o.s.frv.);
 - 4. svipfarseinkenni og erfðamörk;
 - 5. skyldleiki milli arfgjafa og arfþega eða milli móðurlífvera;
 - 6. lýsing á auðkenningar- og uppgötvunaraðferðum;
 - 7. nákvæmni, áreiðanleiki (mælanlegt) og sérvirkni uppgötvunar- og auðkenningaraðferða;
 - 8. lýsing á útbreiðslu og náttúrulegum heimkynnum lífveru, þar með taldar upplýsingar um náttúrulegar ránverur, bráðir, sníkjudýr og keppinauta, samlífisverur og hýsla;
 - 9. möguleiki til flutnings á erfðaefni og til að hafa skipti við aðrar lífverur;
 - 10. sannprófun á erfðafræðilegum stöðugleika lífvera og þættir sem hafa áhrif á hann;
 - 11. meinafræðileg, vistfræðileg og lífeðlisfræðileg einkenni:
 - a) flokkun áhættuþátta samkvæmt gildandi reglum bandalagsins um heilsu- og/eða umhverfisvernd;
 - b) kynslóðartími í náttúrulegum vistkerfum, kynæxlunarferli/kynlaus æxlunarferli;
 - c) upplýsingar um lífvænleika, þar með talin árstíðatengsl og hæfileiki til að mynda lífseigar einingar, t.d. fræ, gró og drjóla;
 - d) meinvirkni: smitnæmi, eiturverkun, smithætta, ofnæmisvirkni, smitberi, hugsanlegar genaferjur, hýsilsvið, þar með taldar lífverur aðrar en viðtökulífverur. Hugsanleg virkni dulveira (forveira). Hæfni til að ná bólfestu í öðrum lífverum;
 - e) þol gegn sýklalyfjum og hugsanleg notkun þessara sýklalyfja í mönnum og hús- og gæludýrum til forvarna og við meðferð;
 - f) þátttaka í verkefnum á sviði umhverfismála: frumframleiðsla, velta næringarefna, niðurbrot lífrænna efna, öndun o.s.frv.

12. Eðli eigin genaferja:
 - a) röð;
 - b) flutningstíðni;
 - c) sérvirkni;
 - d) viðurvist gena sem valda þoli.
 13. Samantekt á áður framkvæmdum erfðabreytingum.
- B. Eiginleikar genaferjunnar:
1. eðli og uppruni genaferju;
 2. raðir stökkla, genaferja og annarra erfðaeftnisbúta án táknaða sem eru notaðir til að mynda erfðabreyttu lífveruna og til að fá genaferju og innskot til að starfa í henni;
 3. virkjun til flutnings innfelledu genaferjunnar og/eða hæfileiki til flutnings á erfðaeftni og aðferðir til greiningar á þessu;
 4. upplýsingar um að hve miklu leyti genaferjan er takmörkuð við þá kjarnsýru sem nauðsynleg er til að koma af stað fyrirhugaðri virkni.
- C. Einkenni erfðabreyttu lífverunnar:
1. Upplýsingar um erfðabreytinguna:
 - a) aðferðir sem eru notaðar við erfðabreytinguna;
 - b) aðferðir sem eru notaðar til að mynda erfðaeftni og koma því fyrir í arfþega eða til að fella erfðaeftni brott;
 - c) lýsing á uppbyggingu erfðaeftnis (innskots)/genaferju;
 - d) hversu laust innskot er við óþekktar raðir og upplýsingar um að hve miklu leyti innskotsröðin er takmörkuð við þá kjarnsýru sem er nauðsynleg til að koma af stað fyrirhugaðri virkni;
 - e) röð, starfræn einkenni og staðsetning hinnar breyttu/innfelledu/brottfelldu kjarnsýrutáknaðar eða -raða sem í hlut eiga með sérstakri tilvísun til þekktra skaðlegra táknaða ef svo ber undir.
 2. Upplýsingar um lokamynd hinnar erfðabreyttu lífveru:
 - a) lýsing á erfðaeinkennum eða svipfarseiginleikum, einkum á nýjum einkennum og eiginleikum sem geta verið tjáðir eða eru ekki lengur tjáðir;
 - b) uppbygging og fjöldi tegunda af genaferju- og/eða gjafakjarnsýru sem kann að fyrirfinnast í lokagerð erfðabreyttu lífverunnar;
 - c) stöðugleiki lífverunnar með tilliti til erfðaeinkenna;
 - d) hraði og stig tjáningar hins nýja erfðaeftnis. Aðferð og nákvæmni mælingar;
 - e) virkni tjáða prótínsins eða prótínanna;
 - f) lýsing á auðkenningar- og uppgötvunaraðferðum, þar með taldar aðferðir til að auðkenna og uppgötva innskotsröðina og genaferjuna;
 - g) nákvæmni, áreiðanleiki (mælanlegt) og sérvirkni uppgötvunar- og auðkenningaraðferða;
 - h) samantekt um fyrri sleppingar og notkun erfðabreyttra lífvera;
 - i) heilbrigðissjónarmið:
 - i) eiturverkun og ofnæmisáhrif ólífvænlegra erfðabreyttra lífvera og/eða efnaskiptaafurða þeirra;
 - ii) hættur tengdar afurðum;
 - iii) samanburður á hinum erfðabreyttu lífverum og arfgjafa, arfþega eða (eftir því sem við á) móðurlífveru með tilliti til meinvirkni;
 - iv) hæfileiki til að ná bólfestu;
 - v) ef lífvera er meinvirk mönnum með heilbriggt ónæmiskerfi;

- sjúkdómar sem orsakast og meinagerð, þar með talin ífarð og smithætta,
- smit,
- skammtur sem veldur smiti,
- hýsilsvið, líkur á breytingu,
- líffsmöguleikar utan mennskis hýsils,
- tilvist genaferja eða dreifingaraðferðir,
- líffræðilegur stöðugleiki,
- mynstur sýklalyfjapöls,
- ofnæmisvirkni,
- tiltækar lækningaaðferðir.

III. UPPLÝSINGAR UM AÐSTÆÐUR Á SLEPPINGARSTAÐ OG Í UMHVERFI

A. Upplýsingar um sleppingu:

1. lýsing á fyrirhugaðri sleppingu af ásettu ráði, þar með talinn tilgangur og áætluð notkun;
2. áætluð dagsetning sleppingar og tímaáætlun tilraunar, þar með talið hversu oft slepping fer fram og hve lengi hún varir;
3. undirbúningur vettvangs áður en slepping fer fram;
4. stærð vettvangs;
5. aðferð eða aðferðir sem beitt er við sleppinguna;
6. magn erfðabreyttra lífvera sem sleppt er;
7. hindranir á vettvangi (tegund ræktunar og aðferð, námuvinnsla, áveita eða önnur starfsemi);
8. öryggisráðstafanir til verndar starfsmönnum við sleppingu;
9. umhirða vettvangs eftir sleppingu;
10. fyrirhugaðar aðferðir við að útrýma erfðabreyttum lífverum eða gera þær óvirkar við lok tilraunar;
11. upplýsingar um fyrri sleppingar og niðurstöður þeirra, einkum þeirra sem eru ólíkar að umfangi og fóru fram í ólíkum vistkerfum.

B. Upplýsingar um umhverfið (bæði á vettvangi og umhverfi í víðari skilningi):

1. landfræðileg lega og hnattstaða vettvangs (ef um er að ræða tilkynningu samkvæmt C-hluta er vettvangurinn þar sem slepping fer fram svæðið þar sem ætlunin er að nota afurðina);
2. líkamleg eða líffræðileg nálægð við menn og annað mikilvægt lífríki;
3. nálægð við mikilvægt lífríki eða vernduð svæði;
4. íbúafjöldi á staðnum;
5. atvinnuvegir íbúa sem byggjast á náttúruauðlindum á svæðinu;
6. vegalengd til næstu svæða sem njóta verndar vegna drykkjarvatns og/eða af umhverfisástæðum;
7. loftslag á svæðinu eða svæðunum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum;

8. landfræðileg, jarðfræðileg og jarðvegsfræðileg einkenni;
9. dýra- og jurталíf, þar með talin uppskera, búfenaður og flökkudýrategundir;
10. lýsing á viðtökuvistkerfum og vistkerfum, sem eru ekki viðtökuvistkerfi, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum;
11. samanburður á náttúrulegum heimkynnum arþegans og vettvanginum þar sem slepping fer fram;
12. þekktar þróunarátlanir um breytingar á landnotkun á svæðinu er gætu haft áhrif á afleiðingar sleppingarinnar fyrir umhverfið;

IV. UPPLÝSINGAR UM VÍXLVERKANIR MILLI ERFÐABREYTTU LÍFVERANNA OG UMHVERFISINS

A. Einkenni sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu:

1. líffræðileg sérkenni sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu;
2. þekktar og fyrirsjáanlegar umhverfisaðstæður sem geta haft áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu (vindur, vatn, jarðvegur, hiti, sýrustig o.s.frv.);
3. næmi fyrir sérstökum áhrifavöldum.

B. Víxlverkanir í umhverfinu:

1. væntanleg heimkynni erfðabreyttu lífveranna;
2. rannsóknir á háttalagi og eðli lífveranna og vistfræðileg áhrif þeirra sem eru gerðar í líkani af náttúrulegu umhverfi, til dæmis í örheimi, ræktunarherbergi eða gróðurhúsi;
3. hæfileiki til flutnings á erfðaeefni:
 - a) flutningur á erfðaeefni eftir sleppingu frá erfðabreyttum lífverum í lífverur vistkerfa sem erfðabreyttu lífverunnar ná til;
 - b) flutningur á erfðaeefni eftir sleppingu frá lífverum vistkerfanna í erfðabreyttu lífverunnar;
4. líkur á því að val eftir sleppingu valdi óvæntum og/eða óæskilegum einkennum í erfðabreyttu lífverunni;
5. ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja og sannprófa erfðafraðilegan stöðugleika. Lýsing á erfðaeinkennum sem komið gætu í veg fyrir eða dregið úr útbreiðslu erfðaefnis. Aðferðir til að sannprófa erfðafraðilegan stöðugleika;
6. líffræðilegar útbreiðsluleiðir, þekktir eða hugsanlegir hættir víxlverkana við dreifimiðilinn, þar með talin innöndun, neysla, yfirborðssnerting og innkoma undir húð, o.s.frv.;
7. lýsing á vistkerfum þar sem erfðabreyttu lífverunnar geta dreift sér.

C. Hugsanleg umhverfisáhrif:

1. líkur á óhóflega mikilli fjölgun í umhverfinu;
2. samkeppnisforskot erfðabreyttu lífveranna í samanburði við óbreytta arþega eða móðurlífveru(r);

3. auðkenning og lýsing á viðtökulífverum;
4. væntanleg gerð og niðurstöður víxlverkunar milli erfðabreyttu lífveranna sem hefur verið sleppt og viðtökulífverunnar;
5. auðkenning og lýsing á lífverum öðrum en viðtökulífverum sem af slysi kunna að verða fyrir áhrifum;
6. líkur á breytingum á líffræðilegum víxlverkunum eða hýsilsviði eftir sleppingu;
7. þekkt og fyrirsjáanleg áhrif á lífverur aðrar en viðtökulífverur í umhverfinu, áhrif á stofnstærð keppinauta: bráðir, hýslar, samlífisverur, ránverur, sníkjudýr og smitberar;
8. þekkt og fyrirsjáanleg hlutdeild í líffjarðefnafræðilegum ferlum;
9. aðrar víxlverkanir við umhverfið sem kunna að vera mikilvægar.

V. UPPLÝSINGAR UM EFTIRLIT, SKOÐUN, MEÐFERÐ ÚRGANGS OG NEYÐARÁÆTLANIR

A. Eftirlitsaðferðir:

1. aðferðir sem beitt er við að rekja slóð erfðabreyttu lífveranna og fylgjast með áhrifum sem þær hafa;
2. sérvirkni (að auðkenna erfðabreyttu lífverunnar og aðgreina þær frá arfgjafanum, arfþeganum og, eftir því sem við á, móðurlífverunum), næmi og áreiðanleiki eftirlitsaðferða;
3. aðferðir við að uppgötva flutning erfðaefnis sem gefið er annarri lífveru;
4. hve lengi eftirlit varir og hve oft það fer fram.

B. Eftirlit með sleppingu:

1. aðferðir og tilhögun sem miðar að því að forðast og/eða draga sem mest úr útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna út fyrir sleppingarstað eða svæðið sem ætlað er til notkunar;
2. aðferðir og tilhögun við gæslu vettvangs til að koma í veg fyrir átroðslu óviðkomandi einstaklinga;
3. aðferðir og tilhögun sem miða að því að koma í veg fyrir að aðrar lífverur komist inn á vettvang.

C. Meðferð úrgangs:

1. tegund úrgangs sem myndast;
2. magn þess úrgangs sem búist er við að myndist;
3. hugsanlegar hættur;
4. lýsing á fyrirhugaðri meðferð.

D. Neyðaráætlanir:

1. aðferðir og tilhögun við að hefta erfðabreyttu lífverunnar ef þær breiðast óvænt út;
2. aðferðir til að eyða mengun á menguðum svæðum, til dæmis útrýming erfðabreyttra lífvera;
3. aðferðir til að farga eða hreinsa jurtir, dýr, jarðveg o.s.frv. sem orðið hefur fyrir mengun meðan útbreiðslan átti sér stað eða eftir hana;
4. aðferðir til að einangra svæði sem hefur orðið fyrir mengun;
5. áætlanir um að vernda heilsu manna og umhverfi ef óæskileg áhrif koma fram.

II. VIÐAUKI B**UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA Í TILKYNNINGUM UM
SLEPPINGU ERFÐABREYTTTRA HÁPLANTNA
(GYMNOSPERMAE OG ANGIOSPERMAE)****A. ALMENNAR UPPLÝSINGAR**

1. Nafn og heimilisfang tilkynnanda (fyrirtæki eða stofnun).
2. Upplýsingar um nafn, hæfi og reynslu vísindamanna sem bera ábyrgð á verkefninu.
3. Heiti verkefnis.

B. UPPLÝSINGAR UM A) ARFÞEGA EÐA B) (EFTIR ATVIKUM) MÓÐURPLÖNTU(R)

1. Fullt heiti:
 - a) ætt;
 - b) ættkvísl;
